



ÁRSSKÝRSLA 2016

 **BIRTA**
LÍFEYRISSJÓÐUR

EFNISYFIRLIT

Ávarp stjórnarformanns	3
Lífeyrir	6
Iðgjöld	7
Rekstur	8
Ávöxtun og skipting eignasafns	9
Tryggingafræðileg athugun	10
Sjóðfélagalán	11
Áhættustýring	12
Þróun markaða og eignaflokka	14
Fjárfestingarstefna	17
Regluvarsla	21
Samfélagslega ábyrgar fjárfestingar	22
Stjórnarháttayfirlýsing vegna ársins 2016	23
Stjórnskipan	24
Stjórn og starfsfólk	25
ÁRSREIKNINGUR 2016	26
Financial Statement 2016	78

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Ágætu sjóðfélagar.

Sameining Sameinaða lífeyrissjóðsins og Stafa lífeyrissjóðs var sá viðburður sem mestum tíðindum sætti í íslenska lífeyrissjóðakerfinu á árinu 2016. Birta lífeyrissjóður tók til starfa 1. desember sl. með byr í seglum frá fyrsta starfsdegi. Sameiningin gekk snurðulaust fyrir sig á allan hátt, stofnun Birtu og fyrstu skref nýs lífeyrissjóðs voru samkvæmt áætlun.

Við nutum mikils stuðnings í baklandi okkar, í hópum sjóðfélaganna sem sameinuðust í einum stórum og öflugum lífeyrissjóði. Engar efasemdarraddir, einungis velvilji og hvatning. Vissulega gerir slíkt andrúmsloft sjálfa framkvæmdina auðveldari en ella.

Eitt er að sameina starfsemi tveggja lífeyrissjóða undir einu þaki og setja saman einn ársreikning í stað tveggja áður. Þannig birtist hin tæknilega sameining inn á við og út á við. Við eigum hins vegar drjúgan spotta eftir að því marki að ná jákvæðum áhrifum sameiningar til framtíðar. Það vissum við að tæki sinn tíma og er eðli máls samkvæmt. Grunnurinn er kominn og ofan á hann byggjum við.

Birta lífeyrissjóður er sá fjórði stærsti í lífeyrissjóðakerfinu ef miðað er við hreina eign til greiðslu lífeyris. Við skynjum strax að sameinað afl tveggja sterkra lífeyrissjóða skapar ný tækifæri, gerir okkur betur kleift að takast á við margvíslegar áskoranir og standast stöðugt auknar kröfur sem gerðar eru til starfsemi lífeyrissjóða.

Tryggingafræðileg staða er sterkari, auðveldara er að skapa góð tengsl við sjóðfélaga, veita þeim enn betri þjónustu og upplýsa þá og samfélagið með nútímatækni upplýsingamiðlunar.

Birta lífeyrissjóður setur sér metnaðarfullri markmið í eigendastefnu og eignastýringu en raunhæft var að standa við á fullnægjandi hátt í Sameinaða lífeyrissjóðnum og Stöfum lífeyrissjóði hvorum fyrir sig. Nú höfum við stærri hóp sérhæfðra starfsmanna til að sinna slíkum verkefnum.

Við ætlum að vera virkari eigendur í félögum sem sjóðurinn fjárfestir í, leggja meira en áður í eigin greiningar á stöðu félaga, sækja ársfundi og hluthafafundi, og láta stjórnendur og stjórnarmenn félaga skynja að sjóðurinn fylgist með því sem þeir fást við. Það er í þágu bæði lífeyrissjóðsins og félaganna sem við eigum hluti í.

Fyrir efnahagshrunið var stundum haft á orði um fjárfestingar lífeyrissjóða að sjóðirnir vildu „stýra með fótunum“, sem gekk illa eða alls ekki upp í svo litlu hagkerfi sem Ísland vissulega er.


Ef stjórnun og stjórnendum lífeyrissjóða fannst lítið á þá hlustað og þeim líkaði ekki gangur mála í starfsemi og rekstri félaga sem sjóðirnir fjárfestu í, var oftast en ekki gripið til þess ráðs að selja og hverfa á braut. Slíkt gat að sjálfsögðu valdið óróleika eða uppnámi á litlum fjármálamarkaði.

Farsælla er að fylgjast með, koma sjónarmiðum sínum á framfæri og eiga samtöl við stjórnendur félaganna. Þannig viljum við sem fjárfestar vera virkir og hafa áhrif.

Hrein eign Birtu lífeyrissjóðs til greiðslu lífeyris var liðlega 320 milljarðar króna í lok árs 2016. Virkir sjóðfélagar voru um 16 þúsund og um 12 þúsund lífeyrisþegar fengu greiddan lífeyri úr sjóðnum. Nafnávöxtun eigna samtryggingardeildar var 0,6% (10,6% árið 2015) og hrein raunávöxtun var -1,5% (8,5% árið 2015).

Að sjálfsögðu veldur það vonbrigðum að gera upp ársreikninginn með raunávöxtun í mínustölu sem svo hefur þau áhrif að tryggingafræðileg staða Birtu lífeyrissjóðs var -4,1% í lok fyrsta starfsárs, án þess þó að það kalli á breytingu á lífeyrisréttindum.

Við erum ekkert eyland að þessu leyti. Ávöxtun eigna lífeyrissjóða var almennt slök á árinu 2016, aðallega vegna aðstæðna í starfsumhverfinu. Erlendar eignir Birtu lífeyrissjóðs skiluðu til að mynda góðri ávöxtun þegar á heildina er lítið en styrking íslensku krónunnar



Umræðan í samfélaginu um sjóðfélagalýðræði er eðlileg og áhugaverð. Birta lífeyrissjóður stígur nú það skref að kjósa valnefnd sem síðan auglýsir eftir áhugasömum sjóðfélögum úr röðum launamanna til að taka sæti í stjórn lífeyrissjóðsins. Fulltrúar atvinnurekenda hafa stigið sambærileg skref með nýjum reglum um tilnefningar í stjórnir lífeyrissjóða.

eyddi þeim ábata og rúmlega það. Styrking krónunnar leiðir til þess að ávöxtun eigna er um 10 milljörðum króna lakari en ella væri.

Ég nefni líka áhrif sem nýjar lífaldurstöflur höfðu á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins 2016. Við lifum sífellt lengur að meðaltali og fögnum því að sjálfsgöðu en lengri lífaldur þýðir að eignir lífeyrissjóða standa að óbreyttu ekki undir skuldbindingum gagnvart sjóðfélögum. Þetta hafði áhrif hjá Birtu lífeyrissjóði upp á um sjö milljarða króna í ársreikningi 2016.

Samanlögð áhrif gengisstyrkingar krónunnar og nýrra lífaldurstaflna eru þannig um 17 milljarðar króna á árinu, hvoru tveggja þættir sem við sjálf getum engin áhrif haft á. Þar við bætist að hlutabréf í íslenskum félögum skiluðu slakri ávöxtun. Allt þetta skýrir neikvæða raunávöxtun eigna.

Sveiflukennt ástand gjaldmiðilsins okkar, krónunnar, veldur miklum erfiðleikum og er efni til að ræða af alvöru, ekki síst í tengslum við markmið um að lífeyrissjóðir ávaxti mun stærri hluta eigna sinna erlendis hér eftir en hingað til. Augljóst er að hvorki er gott fyrir lífeyrissjóðina né íslenskt samfélag að þeir séu að einhverju leyti lokaðir inni í litlu hagkerfi með takmarkaða fjárfestingarmöguleika. Lífeyrissjóðir eiga að hafa svigrúm til að fara með meiri fjármuni

til fjárfestingar og ávöxtunar erlendis. Það er líka öryggi fólgið í því að dreifa fjárfestingum á fleiri fjármálamarkaði.

Ég tek eftir því að fulltrúar stjórnvalda tala fyrir því að lögfesta viðmið fjárfestinga lífeyrissjóða og þá jafnvel að setja ákveðið hámarkshlutfall fjárfestinga hér heima. Mér þykir hvorki rétt né skynsamlegt að Alþingi stjórni fjárfestingum lífeyrissjóða að einhverju leyti með lagaþyrmsælum en tel mun æskilegra að við eigum samtál við stjórnvöld og löggjafann um hvernig við nálgumst niðurstöðuna. Það verði svo áfram á valdi lífeyrissjóðanna sjálfra að ákveða hvað þeir gera og í hvaða hlutföllum þeir fjárfesta eignir sínar hérlendis og erlendis.

Veltum fyrir okkur hvaða áhrif það hefði haft ef lögboðið væri að íslenskir lífeyrissjóðir hefðu 40% eigna sinna erlendis á árinu 2016 á sama tíma og gengi íslenskrar krónu sveiflaðist um 10%.

Reyndar velti ég því fyrir mér, í ljósi þess sem blasir við í fyrirbyggjandi uppgjöri, hvort lífeyrissjóðir eigi að taka upp aðrar uppgjörsaðferðir. Ómögulegt er að búa við það ástand að tryggingafræðileg staða lífeyrissjóðakerfisins sveiflist stöðugt í samræmi við dægursveiflur krónunnar.

Umræðan um samfélagslega ábyrgð lífeyrissjóða verður sífellt háværrari án þess að fram hafi farið umræða um

hvað það felur í sér. Í þeirri umræðu er mikilvægt að horfa til þess tilgangs sem lífeyrissjóðum er markaður í lögum, sem er að taka á móti iðgjöldum, ávaxta fjármuni sjóðsins og greiða út lífeyri. Lífeyrissjóðir eru ekkert eyland og komast ekki hjá því að horfa til þeirra gilda sem uppi eru í samfélaginu hverju sinni.

Umhverfismál eru ofarlega á baugi og ekki ólíklegt að í náninni framtíð verði gerð sú krafa til lífeyrissjóða að þeir horfi í vaxandi mæli til umhverfisþátta við ákvarðanir um fjárfestingar. Birta ætlar ekki að víkja sér undan þessari kröfu en það er nauðsynlegt að sátta ríki í baklandinu um að leggja grænt mat á fjárfestingar sjóðsins.

Umræðan í samfélaginu um sjóðfélagalýðræði er eðlileg og áhugaverð. Birta lífeyrissjóður stígur nú það skref að kjósa valnefnd sem síðan auglýsir eftir áhugasömum sjóðfélögum úr röðum launamanna til að taka sæti í stjórn lífeyrissjóðsins.

Valnefnd er gert að meta hæfni umsækjenda í ljósi krafna sem Fjármálaeftirlitið gerir til stjórnarmanna lífeyrissjóða. Ef fleiri hæfir sækja um en pláss er fyrir í stjórninni fer fram kosning stjórnarmanna í fulltrúaráði Birtu lífeyrissjóðs.

Gert er ráð fyrir að unnið verði samkvæmt þessu fyrirkomulagi við stjórnarkjör fyrir ársfund sjóðsins 2018.

Samtök atvinnulífsins tilnefna fulltrúa atvinnurekenda í sjóðstjórnina og hafa tekið ákvörðun um að auglýsa eftir einstaklingum sem hafa áhuga á að skipa stjórnir lífeyrissjóða fyrir SA.

Þetta eru ákveðin og markviss skref og einnig kemur til greina að velja hluta fulltrúaráðsins í almennri kosningu sjóðfélaga.

Sumir vilja ganga mun lengra og mæla fyrir því að sjóðfélagalýðræðið verði algjört og án takmarkana, það er að segja að allir sjóðfélagar kjósi stjórnir í öllum lífeyrissjóðum. Áhugavert er að ræða þann möguleika en ég hef enn ekki séð eða heyrt hvernig fyrirkomulagið yrði útfært. Gleytum því heldur ekki að fyrirkomulag

stjórnar í til dæmis Birtu lífeyrissjóði er hluti af kjarasamningi heildarsamtaka á vinnumarkaði.

Á Íslandi teljast um 240 þúsund manns greiða í lífeyrissjóði en á vinnumarkaði eru um 190 þúsund manns. Tugir þúsunda greiða með öðrum orðum í fleiri en einn lífeyrissjóð og eiga þar með réttindi í tveimur eða fleiri sjóðum. Eiga þessir launamenn að hafa kosningarétt og kjörgengi í öllum lífeyrissjóðum sem þeir eiga réttindi í?

Á maður sem hefur greitt í lífeyrissjóð í fjóra mánuði að hafa sama rétt í stjórnarkjöri og sá sem greitt hefur í 40 ár í sama sjóð?

Er það eftirsóknarvert eða yfirleitt æskilegt að íslensk þjóð standi í því á hverju ári að kjósa stjórnir lífeyrissjóða í beinni og opinni kosningu?

Auðveldara er um algjört sjóðfélagalýðræði að tala en í að komast og framkvæma. Orð eru hins vegar til alls fyrst og málefnið er afar áhugavert.

Á stefnumótunarfundi Landssamtaka lífeyrissjóða fyrir nokkrum árum var niðurstaðan sú að á Íslandi verði í framtíðinni fimm til sjö lífeyrissjóðir. Ef þetta gengur eftir má gera ráð fyrir að lífeyrissjóðum muni enn fækka og þeir stækka. Sjálfur er ég sannfærður um að einmitt þetta muni gerast en það getur tekið nokkurn tíma.

Lög, regluverk og kröfur um þjónustu við sjóðfélaga kalla á stærri og sterkari starfseiningar til að lífeyrissjóðir sinni vel hlutverki sínu. Reynslan af fyrstu starfsmánuðum Birtu lífeyrissjóðs sýnir þetta og sannar.

Ágætu sjóðfélagar.

Árið 2016 var viðburðaríkt. Við hófum ánægjulega vegferð og höldum ótrauð áfram. Ég þakka stjórnarmönnum, starfsfólki og sjóðfélögum Birtu lífeyrissjóðs fyrir samskipti og samstarf á liðnu starfsári.

Þorbjörn Guðmundsson

LÍFEYRIR

Meginhlutverk Birtu lífeyrissjóðs er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum, lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykka sjóðsins. Með aðild að Birtu lífeyrissjóði ávinna sjóðfélagar sér rétt til ævilangs eftirlaunalífeyris. Sjóðfélagar, sem verða fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira, njóta réttar á örorkulífeyri og eftir atvikum barnalífeyri, í samræmi við ákvæði samþykka. Við fráfall sjóðfélaga stofnast réttur til makalífeyris og barnalífeyris í samræmi við samþykktir sjóðsins.

Lífeyrisgreiðslur samtryggingardeildar námu 8.662 milljónum króna árið 2016 sem er 6,5% hækkun frá fyrra ári. Lífeyrispegum heldur áfram að fjölga milli ára en að meðaltali nutu 12.058 lífeyrisþegar lífeyrisgreiðslna úr samtryggingardeild. Lífeyrisgreiðslur fylgja breytingum á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar en vísitalan hækkaði um 1,7% frá miðju ári 2015 til sama tíma á árinu 2016. Lífeyrisbyrði sjóðsins, þ.e. lífeyrisgreiðslur í hlutfalli af iðgjaldagreiðslum, var 69,2% samanborið við 77,4% árið áður.


Skipting lífeyrisþega var þannig að í árslok 2016 fengu 8.005 lífeyrisþegar greiddan ellilífeyri, 2.138 örorkulífeyri og 2.036 makalífeyri. Barnalífeyrir var greiddur vegna 258 barna. Á árinu hófu 1.214 sjóðfélagar töku eftirlaunalífeyris. Nýir örorkulífeyrisþegar voru 360 og nýir makalífeyrisþegar 238.

Útborganir úr séreignardeild voru 556 milljónir króna. Þar af var rúmlega 258 milljónum króna ráðstafað inn á húsnæðislán réttthafa samanber lög nr. 40/2014 um séreignarsparnað og ráðstöfun hans til greiðslu húsnæðislána og húsnæðissparnaðar. Á árinu var þessi heimild til ráðstöfunar séreignarsparnaðar inn á lán framlengd um tvö ár eða fram til 30. júní 2019.


FJÖLDI LÍFEYRISÞEGA Í SAMTRYGGINGARDEILD Í ÁRSLOK

	2012	2013	2014	2015	2016
Eftirlaunalífeyrir	6.136	6.516	7.028	7.513	8.005
Örorkulífeyrir	1.600	1.700	1.871	2.066	2.138
Makalífeyrir	1.933	1.970	2.015	1.997	2.036
Barnalífeyrir	280	261	271	266	258

LÍFEYRISGREIÐSLUR



BÓKFÆRÐAR IÐGJALDATEKJUR Í SAMTRYGGINGAR- OG SÉREIGNARDEILD



IÐGJÖLD

Öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi ber að greiða iðgjöld í lífeyrissjóð frá aldrinum 16 til 70 ára. Aðild að Birtu lífeyrissjóði byggist samkvæmt samþykktum á ákvæðum kjarasamninga stéttarféлага, aðild fyrirtækja eða á almennum forsendum. Launamenn, sem starfa hjá aðildarfyrirtækjum og/eða byggja starfskjör sín á kjarasamningum stéttarféлага, eru aðilar að sjóðnum. Aðild er einnig heimil þeim sem hvorki eru bundnir kjarasamningum tengdra stéttarféлага né njóta ráðningarbundinna starfskjara sem byggð eru á kjarasamningum en óska eigi að síður eftir aðild að sjóðnum.

Lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðsins skal vera í samræmi við 2. grein laga nr. 129/1997 eða hærra, kveði samningar á um slíkt. Sé um launamann að ræða, greiðir hann 4,0% af iðgjaldastofni hið minnsta. Mótframlag launagreiðanda hækkaði úr 8,0% í 8,5% frá og með launum júlímánaðar 2016 samkvæmt kjarasamningi SA og ASÍ.

Í árslok 2016 áttu 99.869 einstaklingar réttindi í samtryggingardeild Birtu lífeyrissjóðs. Á árinu greiddu 18.470 einstaklingar iðgjald til samtryggingardeildar samanboreð við 18.128 árið áður. Fjöldi virkra sjóðféлага var 15.927. Virkir sjóðfélagar teljast þeir sem greiða að jafnaði iðgjöld til sjóðsins með reglubundnum


hætti í hverjum mánuði. Alls greiddu 4.630 launagreiðendur iðgjöld og námu iðgjaldagreiðslur til samtryggingardeildar 12.662 milljónum króna. Framlag ríkisins til jöfnunar örorkubyrði nam 175 milljónum króna á árinu.

Í árslok 2016 áttu 25.723 einstaklingar réttindi í séreignardeild Birtu samanboreð við 26.246 í árslok 2015. Virkir sjóðfélagar í séreignardeild voru 1.663 talsins. Á árinu 2016 námu iðgjaldagreiðslur til séreignardeildar, fyrir réttindaflutninga og endurgreiðslur, 733 milljónum króna sem er um 6,1% hækkun frá fyrra ári.


Sjóðurinn sendir greiðandi sjóðfélögum yfirlit um iðgjöld og réttindi tvisvar á ári. Sjóðfélagar bera ábyrgð á að bera saman iðgjaldagreiðslur á yfirliti við greidd iðgjöld samkvæmt launaseðlum. Komi misræmi í ljós þurfa sjóðfélagar að skila launaseðlum til sjóðsins þar sem fram kemur afdregið iðgjald. Þetta þarf að gera innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits svo iðgjöld njóti ábyrgðar Ábyrgðarsjóðs launa ef til gjaldþrots kemur.

Með því að nýta sér sjóðfélagavefinn á birta.is geta sjóðfélagar fylgst sjálfir með stöðu sinni. Launagreiðendur fá tvisvar á ári send yfirlit allra iðgjaldahreyfinga í bókum sjóðsins. Á launagreiðendavef á birta.is geta launagreiðendur m.a. sent skilgreinar rafrænt, skoðað stöðu og hreyfingar.

FJÖLDI VIRKRA SJÓÐFÉLAGA



FJÖLDI GREIÐANDI SJÓÐFÉLAGA



REKSTUR


Heildar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður Birtu lífeyrissjóðs nam 762 milljónum króna á árinu 2016. Þar af nam kostnaður vegna sameiningar Sameinaða lífeyrissjóðsins og Stafa lífeyrissjóðs 73 milljónum króna. Rekstrarkostnaður sjóðsins hækkaði um 4,6% milli ára á föstu verðlagi.

Í skýringu 8 í ársreikningi má sjá sundurliðun á skrifstofu- og stjórnunarkostnaði sjóðsins. Aðkeypt þjónusta lækkaði um 12,7% milli ára á föstu verðlagi.

Tölvukostnaður jókst um 7,9% og annar kostnaður hækkaði um 10,4%. Launakostnaður nam 55,7% af kostnaði sjóðsins árið 2016, tölvukostnaður 15,8%, aðkeypt þjónusta 7,6%, eftirlitsgjöld FME 3,6% og annar kostnaður nam 17,3%.


Rekstrarkostnaður sem hlutfall af eignum var 0,22% árið 2016 sem er sama hlutfall og árið áður.

ÁVÖXTUN ÁRANNA 2012-2016 Í SAMTRYGGINGARDEILD



Hrein raunávöxtun m.v. vísitölu neysluverðs

MEÐALTAL ÁVÖXTUNAR Á 5 ÁRA TÍMABILI Í SAMTRYGGINGARDEILD



Hrein raunávöxtun m.v. vísitölu neysluverðs



ÁVÖXTUN OG SKIPTING EIGNASAFNS

Hrein eign samtryggingardeildar Birtu lífeyrissjóðs að viðbættum innlánnum hjá fjármálastofnunum var 307.405 milljónir króna í árslok 2016 samanborið við 301.582 milljónir króna í árslok 2015 og hækkaði því um 5.823 milljónir króna eða 1,9% á milli ára. Á árinu námu iðgjaldgreiðslur til sjóðsins 12.662 milljónum króna. Á móti var greiddur lífeyrir að fjárhæð 8.662 milljónir króna. Nettó innflæði til sjóðsins nam því 4.000 milljónum króna á árinu. Að teknu tilliti til rekstrarkostnaðar og fjárfestingargjalda var nafnávöxtun samtryggingardeildar Birtu 0,6% á árinu sem samsvarar -1,5% raunávöxtun. Myndin hér fyrir neðan sýnir raunávöxtun helstu eignaflokka verðbréfa og innlána fyrir samtryggingardeild sjóðsins á árinu 2016.



Skuldabréfaeign Birtu var 56,3% af eignasafni sjóðsins og var nafnávöxtun þeirrar eignar 6,1% á tímabilinu sem samsvarar 3,9% raunávöxtun. Innlán hjá fjármálastofnunum voru 2,0% af eignasafninu í árslok 2016 en nafnávöxtun þeirra var neikvæð um 2,8% sem samsvarar 4,9% neikvæðri raunávöxtun. Helsta ástæða neikvæðrar ávöxtunar þessa eignaflokks er gengisstyrking íslensku krónunnar sem hafði neikvæð áhrif á gengistryggða bankareikninga í eigu sjóðsins.

Hlutdeild erlendar verðbréfaeignar af heildareignum sjóðsins nam 18,1% í árslok 2016 en þar á meðal eru skráð hlutabréf og hlutabréfasjóðir ásamt peningamarkaðssjóðum. Nafnávöxtun þessa eignaflokks var neikvæð um 10% á árinu sem samsvarar 11,9% neikvæðri raunávöxtun. Rétt eins og í tilviki innlánsreikninganna má rekja þessa slöku ávöxtun til gengisstyrkingar krónunnar. Í grunnmynt var ávöxtun eignaflokksins hins vegar jákvæð um 8,4%. Það sama á við um eignaflokkinn óhefðbundnar fjárfestingar en flokkurinn samanstendur af framtaksfjárfestingum ásamt fasteigna- og veðskuldabréfasjóðum. Langstærsti hluti þessa eignaflokks er í erlendri mynt eða 88,5%. Sá hluti skilaði 14,3% neikvæðri nafnávöxtun sem samsvarar 16,1% neikvæðri raunávöxtun. Ávöxtun eignaflokksins í viðkomandi grunnmynt var neikvæð eða -0,6%. Innlendi hluti eignasafnsins skilaði hins vegar 15,2% jákvæðri nafnávöxtun sem samsvarar 12,8% raunávöxtun. Að lokum skilaði innlend hlutabréfaeign sjóðsins 1,9% nafnávöxtun sem samsvarar 0% raunávöxtun. Um 75% af þeim eignaflokki eru skráð bréf og var nafnávöxtun þeirra neikvæð um 0,9% á móti 10% jákvæðri nafnávöxtun í óskráða hlutanum.

RAUNÁVÖXTUN EIGNASAFNS SAMTRYGGINGARDEILDAR 2016




EIGNASAMSETNING SAMTRYGGINGARDEILDAR 31.12.2016




TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN

SKULDBINDINGAR OG EIGN 2012-2016 í SAMTRYGGINGARDEILD



Tryggingafræðileg athugun sýnir að áfallin skuldbinding samtryggingardeildar er 323.633 milljónir króna í árslok 2016. Eignir á móti áfallinni skuldbindingu námu 299.083 milljónum króna og eru því áfallnar skuldbindingar umfram eignir 24.550 milljónir króna eða -7,59%. Heildarskuldbinding samtryggingardeildar með framtíðariðgjöldum er 480.630 milljónir króna. Hrein eign deildarinnar til tryggingafræðilegs mats er 460.976 milljónir króna. Heildarskuldbindingar umfram eignir eru því 19.654 milljónir króna eða -4,1% í hlutfalli af skuldbindingum.

YFIRLIT UM BREYTINGAR Á ÁFÖLLNUM LÍFEYRISSKULDBINDINGUM



SJÓÐFÉLAGALÁN

Lánsupphæð, lánstími og lánskjör

Hinn 1. desember 2016 tóku lánareglur Birtu lífeyrissjóðs gildi. Þær tóku við af þeim lánareglum sem voru í gildi hjá Sameinaða lífeyrissjóðnum annars vegar og Stöfum lífeyrissjóði hins vegar.

Birta lífeyrissjóður býður sjóðfélögum sínum upp á bæði verðtryggð og óverðtryggð lán á samkeppnishæfum kjörum. Veðhlutfall er allt að 75% af metnu markaðsvirði en sú lánsfjárhæð sem fer upp fyrir 65% veðhlutfall er veitt gegn viðbótarláni með 0,5% álagi á sjóðfélagavexti. Fastir verðtryggðir vextir Birtu voru 3,6% í árslok 2016, breytilegir verðtryggðir vextir voru 3,43% og breytilegir óverðtryggðir vextir 6,1%. Breytilegir verðtryggðir vextir eru endurskoðaðir á þriggja mánaða fresti og fylgja þróun vaxta á íbúðabréfum (HFF150644) skráðum í Kauphöll Nasdaq OMX, ásamt álagi. Breytilegir óverðtryggðir vextir fylgja þróun meginvaxta Seðlabanka Íslands og eru endurskoðaðir mánaðarlega. Sjóðfélagar hafa val um að endurgreiða lán sín með jöfnum afborgunum eða jöfnum greiðslum. Lánstími er 5-40 ár og lánsfjárhæð ákvarðast af veðrymi, þó að lágmarki 1,0 milljón króna.

Í lánareglum Birtu lífeyrissjóðs er ákvæði um 1% uppgreiðslugjald fyrstu fimm ár frá útgáfu verðtryggðs láns með föstum vöxtum en uppgreiðslugjaldið fellur niður að þeim tíma liðnum. Ekkert uppgreiðslugjald er á lánnum sem bera breytilega vexti.

Lög nr. 33/2013 um neytendalán og lög nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda

Sjóðfélagalán falla undir lög nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda. Lögin tóku gildi 1. apríl 2017 og leysa af hólmi eldri lög nr. 33/2013, hvað fasteignalán varðar. Lögin gera ítarlegar kröfur um upplýsingagjöf ásamt auknum kröfum varðandi mat á greiðslugetu og lánshæfi lántaka. Meðal breytinga sem lögin fela í sér er að sjóðnum ber að greiðslumeta alla umsækjendur óháð lánsfjárhæð.

Nýjar lánveitingar til sjóðfélaga

Mikil aukning varð á nýjum sjóðfélagalánnum á árinu 2016 frá fyrra ári. Alls voru 275 ný lán veitt á árinu 2016, borið saman við 126 lán árið 2015.

AFGREIDD SJÓÐFÉLAGALÁN

FJÁRHÆÐIR Í MILLJÓNUM KRÓNA

	2016	2015
Fjárhæð	3.618	958
Fjöldi lána	275	126
Meðalfjárhæð	13,2	7,6

FLOKKAR AFGREIDDRA SJÓÐFÉLAGALÁNA Á ÁRINU 2016

FJÁRHÆÐIR Í MILLJÓNUM KRÓNA

	Verðtryggð lán Fastir vextir	Verðtryggð lán Breytilegir vextir	Óverðtryggð lán
Fjárhæð	1.989	1.286	343
Fjöldi lána	122	122	31
Meðalfjárhæð	16,3	10,5	11,1

Staða og vanskil sjóðfélagalána

Í árslok 2016 voru lán til sjóðfélaga tæplega 18 milljarðar króna eða um 6% af heildareignum sjóðsins. Vanskil sjóðfélagalána í árslok 2016 námu 188 milljónum króna og voru það 1,05% útlána.

STAÐA SJÓÐFÉLAGALÁNA Í ÁRSLOK

FJÁRHÆÐIR Í MILLJÓNUM KRÓNA

	Verðtryggð lán Fastir vextir	Verðtryggð lán Breytilegir vextir	Óverðtryggð lán
Fjárhæð	6.343	11.282	359
Fjöldi lána	561	2.645	32
Meðalfjárhæð	11,3	4,3	11,2

Frumvarp til laga um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð

Í október 2016 samþykkti Alþingi frumvarp til laga um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð. Lögin munu taka gildi 1. júlí 2017 en þau heimila réttihöfum að verja uppsöfnuðu iðgjaldi séreignar til kaupa á fyrstu íbúð. Jafnframt að ráðstafa séreignariðgjaldi inn á höfuðstól láns sem tryggt er með veði í fyrstu íbúð, upp að ákveðnu hámarki, yfir tíu ára samfellt tímabil.

ÁHÆTTUSTÝRING

Lífeyrissjóðum ber skylda til að koma upp heildar-áhættustýringu, sbr. ákvæði laga og reglugerða, auk þess sem almenn viðskipta- og neytendasjónarmið kalla á hana. Samkvæmt lögum og reglum um lífeyrissjóði ber Birtu lífeyrissjóði að taka tillit til áhættu og setja sér markmið og viðmið um áhættu ekki síður en um ávöxtun. Stjórn lífeyrissjóðs skal móta eftirlitskerfi sem gerir sjóðnum kleift að greina, vakta, meta og stýra áhættu í starfsemi sjóðsins, samkvæmt 9. tl. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997.

Sjóðurinn hefur sett sér áhættustefnu sem byggð er á ákvæðum laga og reglugerða ásamt leiðbeinandi tilmælum FME. Auk þess er stuðst við tilmæli OECD/IOPS er varðar áhættustjórnkerfi lífeyrissjóða. Áhættustefna sjóðsins var samþykkt af stjórn og framkvæmdastjóra 12. desember 2016. Hægt er að nálgast afrit af áhættustefnu sjóðsins á birta.is.

Meginmarkmið áhættustefnu Birtu er að skilgreina þá áhættu sem sjóðurinn mælir og stýrir. Þannig stuðlar sjóðurinn að því að ná settum markmiðum í starfsemi sinni ásamt því að fylgjast með að lögum, reglum, samþykktum sjóðsins og öðrum innri reglum sé fylgt. Markmið með áhættustýringu Birtu lífeyrissjóðs er að minnka líkur á skerðingu á réttindum sjóðfélaga til lengri tíma, ásamt því að móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu.

Í áhættustefnu er skipulag heildstæðrar áhættustýringar skilgreint sem eftirlitskerfi, sem felur í sér reglur, verkferla og verklag sem sameiginlega miða að því að greina, mæla, meta, stýra og fylgjast með áhættum í starfsemi lífeyrissjóðsins. Áhættustýringarferli sjóðsins má skipta í sjö þætti, sbr. meðfylgjandi mynd:



Áhættumat

Áhættumat er grunnur að áhættustefnu og áhættustýringu Birtu lífeyrissjóðs. Áhættumat Birtu er byggt upp að fyrirmynd AIRMIC Enterprise Risk Management Process. Áhættumat felur í sér áhættugreiningu og áhættumælingar. Áhættugreining samanstendur af því að auðkenna áhættuþætti og leggja mat á þá. Við auðkenningu áhættuþátta verður að skilgreina möguleg atvik sem geta haft neikvæð áhrif á markmið sjóðsins. Þegar áhættan hefur verið auðkennd er hún skilgreind. Gert er áhættukort (e. risk map) þar sem neikvæðum atvikum er lýst. Þegar áhættukortið hefur verið mótað eru annars vegar metnar líkur á því að tilteknir atburðir þróist þannig að einstök greind áhætta verði að veruleika (líkur) og hins vegar hvaða afleiðingar það hefði fyrir sjóðinn ef atburðir þróast þannig (afleiðingar). Mikilvægt er að meta áhættu þannig að matið nýtist við áhættustýringu.

Áhættumatið þarf að vera tengt markmiðum sjóðsins og þeim ávinningi sem vænst er með því að taka áhættu. Áhættumat felur í sér stærðargreiningu eða einhvers konar verðlagningu á áhættu en eðli máls samkvæmt er ekki hægt að mæla alla áhættu með sama kvarða.

Skilgreining á áhættu

Áhætta er skilgreind sem marktækar líkur á að sjóðurinn nái ekki markmiðum sínum. Nær þessi áhætta bæði til atvika sem lúta að eignum og skuldbindingum. Með áhættu er átt við öll þau atvik sem hafa marktæk áhrif á fjárhagsstöðu sjóðsins.

Skipulag áhættustýringar

Eitt af hlutverkum stjórnar er að marka stefnu og hafa eftirlit með starfsemi sjóðsins. Liður í því eftirliti er innleiðing og samþykki áhættustefnu. Í áhættustefnu Birtu er lögð áhersla á ábyrgð og skyldur stjórnar og framkvæmdastjóra lífeyrissjóðsins við heildstæða áhættustýringu. Á vegum sjóðsins skal vera starfsemi er sinnir áhættustýringu og heyrir beint undir framkvæmdastjóra. Áhættustýring skal geta lagt fram skýrslur, millilíðalaust til stjórnar, um sínar niðurstöður og lagt til viðeigandi ráðstafanir varðandi fjárfestingartakmarkanir.

Áhættuflokkar

Samkvæmt áhættustefnu Birtu eru áhættuþættir í starfsemi lífeyrissjóðsins flokkaðir í fimm megináhættuflokka:

1. Lífeyrstryggingaáhætta
2. Fjárhagsleg áhætta
3. Mótaðilaáhætta
4. Lausafjáraáhætta
5. Rekstraráhætta

Þessi flokkun á áhættu byggist á leiðbeiningum GARP (Global Association of Risk Professionals) og skýrslu alþjóðasamtaka tryggingastærðfræðinga IAA (International Actuarial Association) með aðlögun að starfsemi lífeyrissjóða. Skýringar og skilgreiningar eru ýmist byggðar á lögum eða fræðibókum og færa má rök fyrir því að sumir áhættuþættir geti fallið undir aðra meginflokka en þá sem tilgreindir eru.

Ofangreindir fimm megináhættuflokkar skiptast í 29 undirflokka (áhættuþætti). Í ársreikningi er gerð nánari grein fyrir nokkrum áhættuþáttum. Sú flokkun sem gerð er í áhættustefnu byggist á eðli áhættunnar en mikilvægt er að hafa í huga að áhætta er breytilegt ástand en ekki stöðugt. Því verða stjórn og starfsfólk Birtu að meta það á hverjum tíma hvar þau telja að mesta áhættan liggji í rekstri sjóðsins og haga aðgerðum í takt við það mat.

Lífeyrstrygginga-áhætta	Fjárhagsleg áhætta	Mótaðilaáhætta	Lausafjáraáhætta	Rekstraráhætta
Skerðingaáhætta	Vaxta- og endurfjárfestingaáhætta	Útlánaáhætta	Seljanleikaáhætta	Starfsmannaáhætta
Iðgjaldaáhætta	Uppgreiðsluáhætta	Samþjöppunaráhætta	Útstreymisáhætta	Áhætta vegna svika
Umhverfisáhætta	Markaðsáhætta	Landsáhætta		Áhætta vegna upplýsingatækni
Lýðfræðileg áhætta	Gjaldmiðlaáhætta	Afhendingaráhætta		Orðsporsáhætta
Réttindaflutnings-áhætta	Ósamræmisáhætta	Uppgjörsáhætta		Pólitísk áhætta, lög og reglur
	Verðbólguáhætta			Skjalaáhætta
	Fjármögnunaráhætta			Úrskurðaráhætta lífeyris
	Áhætta v. eigna og skuldb. utan efnahags			Áhætta vegna útivistunar
				Upplýsingaáhætta

ÞRÓUN MARKAÐA OG EIGNAFLOKKA

Innlendur skuldabréfamarkaður og vextir


Seðlabanki Íslands lækkaði stýrivexti í tvígang á árinu 2016. Stýrivextir í upphafi árs voru 5,75% en voru 5,00% í lok árs. Ársverðbólga var lág þannig að raunstýrivextir voru háir eins og þeir hafa raunar verið um langt skeið. Litlar breytingar voru á ávöxtunarkröfu verðtryggðra skuldabréfa frá upphafi til loka ársins. Þróunin innan ársins var þó kaflaskipt, ávöxtunarkrafa hækkaði fyrri hluta árs en sú hækkun gekk hratt til baka síðsumars. Verð skuldabréfa lækkaði því framan af ári en tók að hækka þegar ávöxtunarkrafa tók að lækka þar sem verð skuldabréfa með föstum vöxtum lækkar þegar ávöxtunarkrafa hækkar en verð þeirra hækkar þegar ávöxtunarkrafa lækkar. Nafnávöxtun vísitölu 10 ára verðtryggðra ríkisbréfa var 5,1% og raunávöxtun um 3%. Nafnávöxtun vísitölu 5 ára verðtryggðra ríkisbréfa var aðeins lægri eða 4,2% og raunávöxtun rúm 2%. Eins og undanfarin ár var útgáfa verðtryggðra skuldabréfa með ríkisábyrgð afar lítil. Ekki hafa verið útboð með íbúðabréf í langan tíma og ríkissjóður hefur ekki staðið fyrir reglulegum útboðum með verðtryggð bréf. Þó voru tvö útboð þar sem seld voru verðtryggð ríkisbréf með lokagjalddaga á árinu 2030. Regluleg útboð voru með sértryggð skuldabréf banka en segja má að sértryggð skuldabréf banka hafi borið uppi útgáfu á traustum verðtryggðum skuldabréfum á undanförunum árum. Að vanda voru útboð á skuldabréfum sveitarfélaga og var Lánasjóður sveitarfélaga þar atkvæðamestur, en sjóðurinn er í eigu sveitarfélaga landsins.

Töluverðar breytingar voru á ávöxtunarkröfu óverðtryggðra skuldabréfa frá upphafi til loka árs. Ávöxtunarkrafa hækkaði fram eftir sumri en lækkaði svo allt til loka ársins þó að mesta lækkunin kæmi fram síðsumars. Þegar upp var staðið var ávöxtunarkrafa helstu flokka óverðtryggðra ríkisbréfa 0,80-1% lægri en í upphafi árs. Vegna töluverðrar lækkunar á ávöxtunarkröfu óverðtryggðra ríkisbréfa var ávöxtun með miklum ágætum. Þannig var nafnávöxtun vísitölu 10 ára óverðtryggðra ríkisbréfa 13,9% og raunávöxtun um 11,6%. Nafnávöxtun vísitölu 5 ára óverðtryggðra ríkisbréfa var rétt um 10% og raunávöxtun tæp 8%. Á útgáfuhliðinni voru ríkisbréf umfangsmest en eitt til tvö útboð ríkisbréfa voru að jafnaði í hverjum mánuði. Einnig voru regluleg útboð af hálfu banka þar sem seld voru óverðtryggð sértryggð skuldabréf. Nokkuð er síðan bankar hófu útgáfu sértryggðra skuldabréfa og eru einstakir flokkar orðnir myndarlegir að stærð og útgáfuformið hefur fest sig í sessi.


Innlend skuldabréfaeign Birtu lífeyrissjóðs var 179.166 milljónir króna í árslok 2016. Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs eru rúmur helmingur skuldabréfasafnsins og hátt í einn þriðji af heildareignasafni. Aðrir helstu eignaflokkar eru skuldabréf sveitarfélaga, sértryggð skuldabréf banka og skuldabréf fyrirtækja. Eign sjóðsins í veðlánnum er einnig nokkur, bæði veðlán til sjóðfélaga og lögaðila.

Langstærstur hluti skuldabréfaeignar sjóðsins er gerður upp á upphaflegri kaupkröfu en ekki markaðskröfu. Þetta hefur í för með sér að sveiflur á markaðsverði skuldabréfa, vegna breytinga á ávöxtunarkröfu á markaði, hafa ekki áhrif á bókfært verðmæti skuldabréfa í bókum sjóðsins. Miklar hreyfingar á ávöxtunarkröfu á markaði, hvort sem um ræðir til hækkunar eða lækkunar, hafa því takmörkuð áhrif á ávöxtun skuldabréfasafns sjóðsins þegar til skemmri tíma er litið.


VERÐBÓLGA OG STÝRIVEXTIR




VERÐTRYGGÐ SKULDABRÉF



ÓVERÐTRYGGÐ SKULDABRÉF



INNLENDAR HLUTABRÉFAVÍSITÖLUR



Innland hlutabréf

Nokkur lækkun var á almennu hlutabréfaverði en Heildarvísitala Kauphallar lækkaði um 4,7%. Lækkunin kom í kjölfar mjög mikillar hækkunar á hlutabréfaverði árið 2015. Gengi flestra félaga í vísitölunni hækkaði þó og í sumum tilvikum kröftuglega eins og gengi Eimskips, Eikar fasteignafélags og NI. Gengi þeirra félaga sem þungst vega í útreikningi vísitölunnar, þ.e. Icelandair Group, Marels og Össurar, lækkaði á árinu sem leiddi til lækkunar vísitölunnar. Gengi Icelandair Group lækkaði um þriðjung en gengið hafði hækkað mjög mikið árin á undan. Eitt nýtt félag var skráð á aðallista Kauphallarinnar en í byrjun desember hófst viðskipti með hlutabréf í Skeljungi hf. að undangengnu almennu útboði með hlutabréf félagsins. Í árslok voru 20 félög skráð á innlendan hlutabréfamarkað, 17 á aðallista og þrjú á First North.

Innland hlutabréf, bæði skráð og óskráð, voru í árslok um 19% af heildareignasafni Birtu, en um 3/4 af heildareign í hlutabréfum er í skráðum félögum. Nafnávöxtun allra innlendra hlutabréfa sjóðsins sem skráð eru í Kauphöll Íslands var tæp 2%. Í árslok voru stærstu einstöku eignir sjóðsins í innlendum hlutabréfum í Marels, Icelandair Group og Össuri en sjóðurinn á hlutabréf í öllum félögum sem skráð eru á aðallista Kauphallarinnar. Meðal stærstu óskráðra eigna sjóðsins er eignarhlutur í Framtakssjóði Íslands, en sá eignarhlutur hefur farið minnkandi á undanförunum árum í takt við útgreiðslur sjóðsins til eigenda, og eign í Jarðvarma slhf. sem fer með 25% eignarhlut í HS Orku.

Erlendir markaðir


Heimsvísitala hlutabréfa hækkaði um 7,5% á árinu mælt í dollurum. Vegna styrkingar íslensku krónunnar var breytingin mæld í krónum mun lakari en Heimsvísitalan lækkaði um 6,5% í krónum, með tilheyrandi áhrifum á ávöxtun sjóðsins á árinu 2016. Árið byrjaði ekki gæfulega á erlendum hlutabréfamörkuðum en lækkunarferli sem hófst á miðju sumri 2015 tók ekki enda fyrr en í febrúar 2016. Í kjölfarið hækkuðu flestir hlutabréfamarkaðir allt fram til loka árs. Bandaríski hlutabréfamarkaðurinn, sem á heimsvísu vegur riflega helming af markaðsvirði allra skráðra hlutabréfa, hækkaði um 12% sem er ágæt hækkun, ekki síst í ljósi nánast samfelldrar uppsveiflu frá upphafi árs 2009. Árleg meðaltalshækkun á því sjö ára tímabili er tæp 15% sem er mikil hækkun. Uppskeran á evrópskum hlutabréfamörkuðum var rýrari en Evrópuvísitala MSCI hækkaði um 3%. Eini stóri evrópski hlutabréfamarkaðurinn þar sem hækkunin taldist í tveggja stafa tölu var breski markaðurinn, en vegna mikillar lækkunar pundins var hækkunin mun minni mæld dollurum, evrum eða íslenskum krónum. Á norrænum hlutabréfamörkuðum voru ágætær hækkunir í Noregi og Svíþjóð en danska hlutabréfavísitalan lækkaði um 10%. Þar skipti mestu mikil lækkun á verði hlutabréfa í lyfjafyrirtækinu Novo Nordisk sem vegur þungt í dönsku vísitölunni. Hlutabréf í mörgum nýmarkaðsríkjum (e. emerging markets) hækkuðu ágætlega, en árin þar á undan höfðu verið þung á nýmörkuðum. Hlutabréfaverð lækkaði þó nokkuð í því nýmarkaðsríki sem yfirleitt er fyrirferðarmikið í umræðunni, Alþýðulýðveldinu Kína. Segja má að

lækkunin hafi að hluta verið eftirköst mikillar og snöggrar hækkunar á hlutabréfaverði í Kína og gríðarlegar spákaupmennsku sem fékk snöggan endi um mitt ár 2015 með mikilli lækkun á stuttum tíma.

Vextir víðast um heim voru áfram lágir. Stærstu seðlabankar heims hafa haldið vöxtum lágum um margra ára skeið og gripið til margvíslegra annarra aðgerða til að styðja við þá stefnu sína. Lág vaxtastig hefur gefið hlutabréfamörkuðum nokkurn meðvind á undanförunum árum. Bandaríski seðlabankinn hóf þó að hækka stýrivexti sína eftir að hafa haldið þeim nánast í núlli allt frá því að fjármálakreppan reið yfir á sínum tíma. Að því gefnu að hið langa tímabil lágra vaxta dragi nær lokum, sem alls ekki er hægt að fullyrða, virðist blasa við að hlutabréfamarkaðir þurfi að takast á við breytt landslag er varðar vexti og vaxtaþróun.

Yfirgnæfandi hluti erlendra eigna sjóðsins er í erlendum hlutabréfasjóðum og sérgreindum hlutabréfasöfnum. Aðrar erlendar eignir sjóðsins eru einkum framtakssjóðir (e. private equity). Í árslok 2016 voru erlend verðbréf Birtu um einn fimmti af heildareignum.

ERLENDAR HLUTABRÉFAVÍSITÖLUR (USD)



FJÁRFESTINGARSTEFNA

Fjárfestingarstefna Birtu lífeyrissjóðs er mótuð af stjórn sjóðsins, með þátttöku fjárfestingaráðs Birtu, á grundvelli reglugerðar nr. 916/2009 um form og efni fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða. Stefnan byggist á mismunandi tegundaflokkun innlána og verðbréfa til samræmis við áður nefnda reglugerð. Hún er mótuð í samræmi við góða viðskiptahætti, með hliðsjón af fjárfestingarheimildum í samþykktum sjóðsins, fjárfestingarreglum og þeim kjörum sem best bjóðast á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar, áhættu og verðtryggðra lífeyrisskuldbindinga sjóðsins. Stefnunni er ætlað að vera vegvisir fyrir stjórn, fjárfestingaráð og þá þjónustuaðila sem stýra eignum fyrir sjóðinn. Stefnan er ávallt kynnt sjóðfélögum á ársfundi sjóðsins sbr. 3. mgr. 30. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997.

Forsendur um val á eignaflokkum

Lífeyrissjóðir eru langtímafjárfestar og þeim ber að haga fjárfestingum sínum samkvæmt því. Stjórn Birtu og fjárfestingaráð sjóðsins ákvarða stefnu um eignastýringu og samval eigna sjóðsins til langs tíma. Engu að síður er stefnan endurskoðuð að minnsta kosti árlega með tilliti til breytinga í umhverfi sjóðsins. Stefnan byggist meðal annars á því að hæfilegt svigrúm sé til staðar til að nýta þau fjárfestingartækifæri sem gefast á hverjum tíma en þó innan skynsamlegra marka til að tryggja hagsýni og gætni í ávöxtun eigna.

Val á eignaflokkum byggist á reglulegri greiningu fjárfestingaráðs og helstu þjónustuaðila, á verðbréfa-mörkuðum hér heima og erlendis og þeim tækifærum sem þar felast hverju sinni. Því verklagi er ætlað að tryggja að sjóðnum sé stýrt af kunnáttu og kostgæfni þannig að hagur sjóðfélaga sé ávallt hafður að leiðarljósi.


Fjárfestingarstefna samtryggingardeildar

Samkvæmt öðrum kafla reglugerðar nr. 916/2009 skal ákvarða form og efni fjárfestingarstefnu samtryggingardeildar með ákveðnum hætti. Í henni skal meðal annars birta áætlun um hvenær markmiði um eignasamsetningu skuli náð ásamt þeim forsendum sem stjórn sjóðsins byggir stefnuna á. Jafnframt skal fjalla um áhrif lífeyrisbyrðar, réttindakerfis og áætlaðs framtíðargreiðsluflæðis vegna lífeyrisskuldbindinga. Einnig ber sjóðnum að fjalla um áhrif stefnunnar á núverandi eignasamsetningu sjóðsins.

Lífeyrisbyrði og framtíðargreiðsluflæði

Lífeyrisbyrði sjóðsins, þ.e. lífeyrisgreiðslur í hlutfalli af iðgjaldagreiðslum, nam 69,2% á árinu 2016. Þá hefur stjórn sjóðsins tekið tillit til greiðsluflæðis af verðbréfaeign sjóðsins með föstum tekjum sem styrkir sjóðflæðið enn frekar. Að teknu tilliti til þessa er áætlað að lífeyrisbyrðin nái ekki jafnvægi fyrr en á árinu 2026. Þessi staða gerir sjóðnum kleift að hafa langtímamarkmið að leiðarljósi við ákvörðun um fjárfestingarstefnu samtryggingardeildar Birtu.

ÁÆTLAÐ FRAMTÍÐARGREIÐSLUFLÆÐI BIRTU LÍFEYRISSJÓÐS



Myndin hér fyrir ofan sýnir áætlað greiðsluflæði Birtu til framtíðar þar sem ekki er gert ráð fyrir nýliðun sjóðfélaga. Samkvæmt þessum forsendum duga tekjur (iðgjöld og tekjur af verðbréfum með föstum tekjum) fyrir greiðslu lífeyris a.m.k. til ársins 2026. Eftir það fer að ganga á eignir sjóðsins en áfallnar skuldbindingar umfram heildareignir voru 4,1% í árslok 2016. Þrátt fyrir þetta hefur sjóðurinn enn þá töluvert svigrúm til að fjárfesta í eignaflokkum sem sveiflast í verði. Ef gert er ráð fyrir nýliðun/fjölgun sjóðfélaga styrkist staða sjóðsins enn frekar hvað seljanleika eigna varðar.

Eignasamsetning og núverandi staða

Núgildandi fjárfestingarstefna samtryggingardeildar, sem stjórn sjóðsins undirritaði 12. desember 2016, felur í sér markmiðasetningu ársins 2017. Núgildandi fjárfestingarstefnu má sjá í töflu 1 á næstu blaðsíðu. Gert er ráð fyrir að sjóðnum takist að ná markmiðum sínum um eignasamsetningu og halda sig innan vikmarka settrar stefnu á árinu 2017.

TAFLA 1 – SAMTRYGGINGARDEILD

Í hlutfalli af hreinni eign til greiðslu lífeyris	Markmið um eignasamsetningu	Efri vikmök	Neðri vikmörk	Núverandi eignasamsetning	Gengsbundin verðbréf	Efri vikmörk	Neðri vikmörk	Óskráð verðbréf	Efri vikmörk	Neðri vikmörk
Innlán í bönkum og sparisjóðum	1,0%	5,0%	0,0%	1,7%	2,0%	4,0%	0,0%			
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	28,0%	38,0%	18,0%	29,2%	2,0%	4,0%	0,0%	1,0%	2,0%	0,0%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	6,5%	9,0%	4,0%	3,8%	1,0%	2,0%	0,0%	1,0%	2,0%	0,0%
Skuldabréf og vixlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana	6,5%	10,5%	2,5%	2,0%	1,0%	2,0%	0,0%	1,0%	2,0%	0,0%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	15,0%	20,0%	10,0%	14,8%						
Hlutabréf	27,0%	37,0%	17,0%	36,6%	15,0%	20,0%	10,0%	6,0%	9,0%	3,0%
Hlutir og hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	8,0%	13,0%	3,0%	5,1%	7,0%	12,0%	2,0%	7,0%	12,0%	2,0%
Önnur verðbréf	8,0%	13,0%	3,0%	6,9%	1,0%	2,0%	0,0%	2,0%	3,0%	1,0%
Samtals	100,0%			100,0%	29,0%		< 50%	18,0%		< 20%
Þar af UCIT-sjóðir	15,0%	20,0%	10,0%	15,5%						

Markmið og viðmið um ávöxtun og áhættu

Við mótun nýrrar stefnu er tekið mið af eignasamsetningu sjóðsins, aðstæðum á mörkuðum og þeim fjárfestingartækifærum sem fram undan eru. Horft er til framtíðar og spáð fyrir um vænta ávöxtun og áhættu helstu tegundaflokka innlána og verðbréfa. Grundvöllur þeirrar aðferðafræði, sem sjóðurinn notar við mótun stefnunnar, er byggður á líkani sem tekur tillit til þróunar skuldbindinga og samfylgni eignaflokka við skuldbindingar sjóðsins.

Samtryggingardeild notar ákveðnar vísitölur til viðmiðunar um árangur ávöxtunar og áhættu einstakra eignaflokka. Þær helstu eru verðtryggð vísitala NASDAQ

OMX á Íslandi með fastan 10 ára líftíma (OMXI10YI) sem notuð er sem viðmið fyrir ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs. Viðmiðunarvísitala sjóðsins fyrir innlán í bönkum og sparisjóðum er óverðtryggð vísitala sömu kauphallar með þriggja mánaða meðaltíma (OMXI3MNI). Viðmið við ávöxtun innlendra hlutabréfa sjóðsins er heildarvísitala aðallista NASDAQ OMX á Íslandi, arðgreiðsluleiðrétt (OMX IGI). Viðmið við ávöxtun erlendra hlutabréfaeigna sjóðsins er heimsvísitala Morgan Stanley, arðgreiðsluleiðrétt (MSCI World TR). Aðrar vísitölur sem notaðar eru til viðmiðunar einstakra eignaflokka má sjá í fjárfestingarstefnu Birtu, sem er aðgengileg á heimasíðu sjóðsins, birta.is.

Fjárfestingarstefna séreignardeildar

Séreignardeild Birtu lífeyrissjóðs býður upp á þrjár mismunandi sparnaðarleiðir en þær eru innlánsleið, skuldabréfaleið og blönduð leið. Eiga sjóðfélagar kost á því að nýta sér eina eða fleiri leiðir samtímis. Við val á sparnaðarleið er skynsamlegt að taka mið af aldri, eignastöðu og viðhorfi til áhættu auk þess sem sérstakar aðstæður hvers og eins geta skipt máli.

Innlánsleið

Innlánsleið er sú sparnaðarleið sem Birta býður upp á þar sem stefnt er að því að halda sveiflum í ávöxtun í lágmarki. Þessi sparnaðarleið er ávöxtuð að mestu leyti á verðtryggðum innlánsreikningum bankastofnana. Leiðin hentar þeim vel sem vilja öryggi og kjósa vexti og verðtryggingu á sparnaðinn sinn. Höfuðstóllinn heldur verðgildi sínu en vextirnir eru breytilegir og að

jafnaði þeir hæstu sem bjóðast á bundnum innlánnum á hverjum tíma. Þess ber þó að geta að þar sem þessi sparnaðarleið felur í sér litla áhættu er vænt ávöxtun hennar að sama skapi lægri til lengri tíma litið.

Skuldabréfaleið

Í skuldabréfaleið er lögð áhersla á verðtryggð skuldabréf sem að jafnaði gefa góða og stöðuga ávöxtun til lengri tíma. Útgefendur skuldabréfanna eru að miklu leyti ríki og sveitarfélög. Í skuldabréfum felast loforð um fastar greiðslur í framtíðinni en ávöxtunin stjórnast af markaðsvöxtum þeirra bréfa sem keypt eru inn í skuldabréfasafnið. Hafa verður þó í huga að miklar og snöggar breytingar á ávöxtunarkröfu á markaði geta leitt tímabundið til sveiflna í ávöxtun þar sem verð bréfanna tekur mið af breytingum á markaðsvöxtum.

TAFLA 2 – SKULDABRÉFALEIÐ SÉREIGNARDEILDAR

Í hlutfalli af hreinni eign til greiðslu lífeyris	Markmið um eignasamsetningu	Efri vikið	Neðri vikið	Núverandi eignasamsetning	Gengisbundin verðbréf	Efri vikið	Neðri vikið	Óskráð verðbréf	Efri vikið	Neðri vikið
Innlán í bönkum og sparisjóðum	5,0%	15,0%	0,0%	9,0%	0,0%	5,0%	0,0%			
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	50,0%	65,0%	45,0%	53,8%	0,0%	10,0%	0,0%			
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	12,0%	27,0%	0,0%	11,6%						
Skuldabréf og vixlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana	3,0%	6,0%	0,0%	2,2%						
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	20,0%	25,0%	15,0%	16,3%						
Hlutabréf	0,0%	1,0%	0,0%	0,0%	0,0%	1,0%	0,0%	0,0%	1,0%	0,0%
Hlutir og hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%						
Önnur verðbréf	10,0%	15,0%	5,0%	7,1%				0,0%	1,0%	0,0%
Samtals	100,0%			100,0%	0,0%		< 50%	0,0%		< 20%
Þar af UCIT-sjóðir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%						

Blönduð leið

Blandaða leiðin er áhættumesta sparnaðarleiðin sem Birta býður upp á. Þar má búast við sveiflukennndri ávöxtun en á móti koma væntingar um góða langtímaávöxtun. Leiðin fylgir sambærilegri stefnu í fjárfestingum og samtryggingardeild Birtu, þ.e. blöndu af hlutabréfum og skuldabréfum, þótt hlutabréfahluti þessarar sparnaðarleiðar sé með hærra hlutfall bréfa á erlendum mörkuðum.

TAFLA 3 – BLÖNDUÐ LEIÐ SÉREIGNARDEILDAR

Í hlutfalli af hreinni eign til greiðslu lífeyris	Markmið um eignasamsetningu	Efri vikmörk	Neðri vikmörk	Núverandi eignasamsetning	Gengisbundin verðbréf	Efri vikmörk	Neðri vikmörk	Óskráð verðbréf	Efri vikmörk	Neðri vikmörk
Innlán í bönkum og sparisjóðum	4,0%	8,0%	0,0%	3,1%	0,0%	5,0%	0,0%			
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	25,0%	35,0%	15,0%	22,8%	0,0%	10,0%	0,0%			
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	5,0%	10,0%	0,0%	5,7%				1,0%	1,0%	0,0%
Skuldabréf og vixlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana	3,0%	6,0%	0,0%	3,5%				1,0%	1,0%	0,0%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	5,0%	10,0%	0,0%	8,1%						
Hlutabréf	42,0%	62,0%	22,0%	46,8%	40,0%	50,0%	30,0%	0,0%	1,0%	0,0%
Hlutir og hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	10,0%	20,0%	0,0%	0,2%	1,0%	3,0%	0,0%	1,0%	3,0%	0,0%
Önnur verðbréf	6,0%	11,0%	1,0%	10,0%	2,0%	4,0%	0,0%	3,0%	6,0%	0,0%
Samtals	100,0%			100,0%	43,0%		< 50%	6,0%		< 20%
Þar af UCIT-sjóðir	25,0%	10,0%	25,0%	25,0%						

Framtíðargreiðsluflæði séreignardeildar

Heimilt er að greiða út lífeyrissparnað þegar réttthafi er orðinn sextugur. Við fráfall réttthafa er þó heimilt að greiða lífeyrissparnaðinn út. Jafnframt geta réttthafar flutt inneign sína á milli sparnaðarleiða og/eða vörsluaðila. Á árinu 2014 voru samþykkt lög á Alþingi sem heimiluðu greiðslu séreignarsparnaðar inn á húsnæðislán upp að ákveðnu marki. Heimildin átti að falla niður á árinu 2017 en var framlengd til ársins 2019. Þessir þættir eru meginþunginn í forsendum Birtu

hvað lífeyrisbyrði og framtíðargreiðsluflæði séreignaleiða sjóðsins varðar. Sparnaðarleiðir Birtu eru þannig uppbyggðar að eignir þeirra eru að hluta til innlán og/eða auðseljanleg skuldabréf en þannig er hægt að bregðast fljótt við mögulegu útstreymi vegna áðurnefndra þátta. Í áðurnefndri reglugerð nr. 916/2009 eru fleiri atriði sem höfð eru til hliðsjónar við mótun fjárfestingarstefnu séreignardeildar sjóðsins. Sjóðfélögum er vilja kynna sér fjárfestingarstefnur sparnaðarleiðanna ítarlegar er bent á upplýsingar á heimasíðu sjóðsins, birta.is.

REGLUVARSLA

Stjórn Birtu lífeyrissjóðs ber á grundvelli 5. tl. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda að setja sjóðnum reglur um verðbréfavíðskipti sjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna. Gildandi reglur eru byggðar á Leiðbeinandi verklagsreglum Landssamtaka lífeyrissjóða um viðskipti stjórnarmanna og starfsmanna lífeyrissjóðs með fjármálagerninga og skulu endurskoðaðar reglulega. Stjórn sjóðsins skipar regluvörð til að stuðla að fylgni við reglurnar og svo leita megi til hans eftir ráðgjöf og leiðbeiningum í tengslum við þær lagakröfur sem gerðar eru til sjóðsins sem fagfjárfestis á skipulögðum verðbréfamarkaði.

Lögfræðingur sjóðsins gegnir stöðu regluvarðar fyrir sjóðinn á grundvelli sérstaks erindisbréfs og staðgengill hans er áhættustjóri sjóðsins. Regluvörður skal njóta sjálfstæðis í störfum sínum og er hann í því skyni skipaður af stjórn. Á reglulegum fundum regluvarðar með framkvæmdastjóra, áhættustjóra og skrifstofustjóra sjóðsins, eru reglur, verklag og ferlar yfirfarnir og þau mál sem upp koma hverju sinni könnuð og rædd. Regluvörður veitir árlega skýrslu um störf sín til stjórnar og oftast ef þörf krefur. Meginverkefni regluvarðar sjóðsins er að hafa eftirlit með því að gildandi reglum Birtu lífeyrissjóðs um viðskipti stjórnarmanna og starfsmanna sjóðsins með fjármálagerninga, eins og þær eru á hverjum tíma, sé framfylgt. Þá skal regluvörður hafa eftirlit með því að Birta starfi í samræmi við þær reglur sem um starfsemina gilda og lúta að viðskiptum með skráða fjármálagerninga.

Hlutverk regluvarðar felst m.a. í eftirfarandi:

- Eftirliti með viðskiptum starfsmanna sem heyra undir reglurnar
- Annast ut anumhald og tilkynningar vegna tilkynningarskyldra viðskipta stjórnarmanna og þeirra starfsmanna sem reglurnar taka til
- Hafa eftirlit með uppfærslu lista um hagsmunatengda aðila
- Hafa eftirlit með að stjórnarmenn eða starfsmenn séu skráðir innherjar eða fjárhagslega tengdir aðilar hjá útgefendum fjármálagerninga, þar sem það á við
- Annast samskipti og skýrslugjöf vegna regluvörslu Birtu
- Fræðslu til starfsmanna og stjórnarmanna eftir því sem þörf krefur

SAMFÉLAGSLEGA ÁBYRGAR FJÁRFESTINGAR

Birta lífeyrissjóður er aðili að reglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (UN Principles of Responsible Investment) og hefur verið allar götur frá því reglurnar voru fyrst settar árið 2006. Í því felst m.a. að Birta horfir til umhverfislegra og félagslegra þátta við mat á fjárfestingum auk þess að horfa til þess hvort fyrirtæki sem sjóðurinn fjárfestir í hafi sett sér reglur um góða stjórnarhætti. Nánari umfjöllun um reglurnar má finna á heimasíðunni unpri.org.

Hinn 1. júlí nk. taka gildi breytingar á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða en einn liður í þeim er að lífeyrissjóðum verður skylt að setja sér siðferðisleg viðmið í fjárfestingum. Birta mun á þeim grunni sem fyrir er, m.a. aðild að reglum Sameinuðu þjóðanna, móta áfram stefnu sjóðsins um siðferðisleg viðmið með hliðsjón af því markmiði að skila sjóðfélögum sem bestri ávöxtun á hverjum tíma.

Í eigendastefnu sjóðsins er að finna nánari útlitun á því hvernig Birta beitir áhrifum sínum sem virkur þátttakandi á innlendum verðbréfamarkaði. Eigendastefnu má sjá í heild sinni á birta.is.

Samskipta- og siðareglur

Forverar Birtu lífeyrissjóðs, Sameinaði lífeyrissjóðurinn og Stafir lífeyrissjóður, höfðu báðir sett sér siðareglur sem staðfestar voru af stjórnnum beggja sjóða. Reglurnar hafa síðan verið endurskoðaðar reglulega. Birta lífeyrissjóður hefur haft til endurskoðunar gildandi reglur forvera sjóðsins og munu nýjar reglur líta dagsins ljós síðar á árinu 2017.

STJÓRNHÁTTAYFIRLÝSING VEGNA ÁRSINS 2016

Birta lífeyrissjóður starfar skv. samþykktum sem samþykktar eru á ársfundi og staðfestar eru af fjármálaráðuneytinu, sbr. lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sjóðurinn lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins og starfsemi hans er starfsleyfissskyld. Sjóðurinn varð til við samruna Sameinaða lífeyrissjóðsins og Stafa lífeyrissjóðs og tók til starfa 1. desember 2016. Lífeyrissjóðir með fullgilt starfsleyfi eru skilgreindir sem eining tengd almannahagsmunum, sbr. staflíð b í 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um endurskoðendur nr. 79/2008, sbr. 14. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

Lög, reglur og leiðbeinandi viðmið

Lög, reglugerðir, leiðbeinandi tilmæli og reglur FME sem gilda um starfsemi lífeyrissjóða má finna á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins undir flípanum *Réttarheimildir*. Samþykktir Birtu og leiðbeinandi viðmiðunarreglur sem sjóðurinn fylgir, má finna á heimasíðu sjóðsins, birta.is, undir flípanum *Um sjóðinn/Stjórn*. Þar má m.a. finna eigendastefnu og reglur Sp um ábyrgar fjárfestingar auk fjárfestingarstefnu og áhættustefnu.

Stjórn sjóðsins hefur jafnframt sett sér starfsreglur, verklagsreglur um verðbréfavíðskipti stjórnar og starfsmanna, reglur um fjárfestingar og reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar, og eru þær hluti af innri reglum sjóðsins.

Helstu þættir innra eftirlits og áhættustýringarkerfa Birtu

Samkvæmt 8. tl. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 ber stjórn lífeyrissjóðs m.a. að móta innra eftirlit lífeyrissjóðsins og skjalfesta eftirlitsferla.

Samkvæmt reglum FME nr. 577/2012 um endurskoðunardeildir og sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila lífeyrissjóða er innra eftirlit skilgreint sem: „*Sérhver aðgerð af hálfu stjórnenda, stjórnar og starfsmanna til að stýra áhættu og auka líkur á að settum markmiðum verði náð við rekstur fyrirtækis eða stofnunar. Stjórnendur undirbúa, skipuleggja og stjórna þeim aðgerðum sem þörf er á innan fyrirtækis eða stofnunar til að veita hæfilega vissu fyrir að settum markmiðum verði náð.*“

Innra eftirlit sjóðsins birtist m.a. í verklagsreglum sjóðsins og innri ferlum sem gilda um alla þætti í starfsemi hans, þ.m.t. bókhald, iðgjöld, lífeyri, veðskuldabréf, eignastýringu, rekstur og skjalastjórnun.

Regluvörður sjóðsins hefur eftirlit með viðskiptum stjórnarmanna og stjórnenda Birtu með fjármálagerninga, auk þess sem hann heldur utan um upplýsingar um eignarhald þeirra í félögum og trúnaðarstörf þeirra fyrir félög.

Samkvæmt 9. tl. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997, ber stjórn lífeyrissjóðs að móta eftirlitskerfi sem gerir sjóðnum kleift að greina, vakta, meta og stýra áhættu í starfsemi sjóðsins.

Um áhættustýringu lífeyrissjóða gilda ákvæði laga, reglugerða og leiðbeinandi tilmæli FME nr. 1/2013 um áhættustýringu (eftirlitskerfi) samtryggingardeilda lífeyrissjóða og nr. 2/2013 um áhættustýringu (eftirlitskerfi) vörsluaðila séreignarsparnaðar. Á grundvelli þessa hefur Birta sett sér áhættustefnu þar sem skilgreindar eru þær áhættur sem fylgja starfseminni og ásættanleg mörk sett eftir því sem við á.

Nánar er fjallað um áhættustýringu sjóðsins á bls. 12 í ársskýrslu og í skýringu 19 í ársreikningi.

Samsetning og starfsemi stjórnar, framkvæmdastjórnar og eftirlitsstjórnar og nefnda þeirra

Stjórn: Sjá bls. 25 í ársskýrslu 2016.

Um starfsemi stjórnar vísast einkum til laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Fjárfestingaráð sjóðsins skipa:

Loftur Ólafsson, sjóðstjóri
Soffía Gunnarsdóttir, sjóðstjóri
Óskar Örn Ágústsson, fjármálastjóri

Áheyrnarfulltrúi:

Eyrún Einarsdóttir, áhættustjóri
Meginhlutverk fjárfestingaráðs er að fjalla um þá þætti í starfsemi sjóðsins sem lúta að fjárfestingum.

Endurskoðunarnefnd: Sjá bls. 25 í ársskýrslu.

Um starfsemi endurskoðunarnefndar vísast til IX. kafla A laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

Stjórnkerfi Birtu lífeyrissjóðs, líkt og annarra lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði, endurspeglar þá áherslu í kjarasamningum um lífeyrismál að rekstur og gæsla sjóðanna sé á sameiginlegri ábyrgð atvinnurekenda og launamanna. Stjórnir sjóðanna eru ávallt skipaðar fulltrúum stéttarfélaganna og samtaka atvinnurekenda að jöfnu og fulltrúar þessara aðila skiptast á að hafa á hendi formennsku í stjórninni.

Fulltrúaráð Birtu lífeyrissjóðs hefur stigið skref í þá átt að auka gagnsæi í stjórnkerfi sjóðsins sem grundvallast á hugmyndum aðila vinnumarkaðarins í tengslum við endurskoðun á kjarasamningi um lífeyrismál. Er þetta gert m.a. með skipan valnefndar launamanna og nefndar um laun stjórnarmanna en sú nefnd er á sameiginlegu forræði atvinnurekenda og launamanna. Fulltrúaráð launamanna hefur jafnframt á að skipa kjörnefnd og stjórn fulltrúaráðs.

Valnefnd

Í gr. 5.8 í samþykktum Birtu lífeyrissjóðs segir að fulltrúaráð launamanna skuli skipa valnefnd sem hafi þann yfirlýsta tilgang að tryggja góða stjórnarhætti við stjórn sjóðsins og tryggja að stjórn sjóðsins endurspegli fjölbreytni og breidd í hæfni, reynslu og þekkingu stjórnarmanna sem og að tryggja gagnsæi í málum um tilnefningu stjórnarmanna. Einstaklingar í valnefnd eru fjórir en að öðru leyti er ákveðið um skipan og starfsemi valnefndar í sérstökum starfsreglum sem fulltrúaráð launamanna samþykkir. Valnefnd launamanna var kjörin á fulltrúaráðsfundi launamanna 26. apríl sl. til þriggja ára en hún fær það hlutverk að tilnefna fulltrúa í stjórn sjóðsins sem fulltrúaráð greiðir atkvæði um á kjörfundi fyrir ársfund 2018.

Í bígerð er jafnframt að fulltrúar atvinnurekenda skipi samskonar valnefnd sem hafi sambærilegt hlutverk við tilnefningu fulltrúa í stjórn sjóðsins.

Nefnd um laun stjórnarmanna

Í gr. 6.6 í samþykktum Birtu lífeyrissjóðs segir að nefnd um laun stjórnarmanna skuli undirbúa og leggja fram tillögur að launum stjórnarmanna, bæði aðal- og varamanna, fyrir hvern ársfund. Í tillögum sínum skal nefndin miða við að laun stjórnarmanna endurspegli þær kröfur sem gerðar eru til þeirra og þann tíma sem verja þarf til stjórnarstarfa. Nefndin skal kynna stjórn sjóðsins tillögur sínar eigi síðar en tveimur vikum fyrir ársfund lífeyrissjóðsins. Nefnd um laun stjórnarmanna er skipuð fjórum fulltrúum, þar af tveimur fulltrúum atvinnurekenda og tveimur fulltrúum launamanna. Nefnd um laun stjórnarmanna var kjörin á aukaársfundum Sameinaða lífeyrissjóðsins og Stafa lífeyrissjóðs 29. september 2016 til þriggja ára og kjör hennar staðfest í beinu framhaldi á stofnfundi Birtu lífeyrissjóðs.

Kjörnefnd og stjórn fulltrúaráðs

Auk tveggja framangreindra nefnda hefur fulltrúaráð launamanna Birtu lífeyrissjóðs á að skipa sérstakri kjörnefnd auk stjórnar fulltrúaráðs.

Samkvæmt gr. 5.1 skulu fulltrúar launamanna kjörnir á sérstökum ársfundi sem haldinn skal minnst viku fyrir ársfund lífeyrissjóðsins. Hlutverk kjörnefndar er að annast framkvæmd kosninga til stjórnar og úrskurða í mögulegum ágreiningsmálum er varða framkvæmdina. Kjörnefnd er skipuð þremur fulltrúum til þriggja ára, en kjör hennar var staðfest á fulltrúaráðsfundi launamanna 26. apríl sl.

Stjórn fulltrúaráðsins, sem og aðrar nefndir fulltrúaráðs sem taldar eru upp að framan, þ.e. kjörnefnd, nefnd um laun stjórnarmanna og valnefnd, eru á forræði og ábyrgð fulltrúaráða. Stjórn fulltrúaráðsins og nefndirnar setja sér sérstakar starfsreglur sem staðfestar eru á kjörfundi.

STJÓRN OG STARFSFÓLK

STJÓRN

Valdir fulltrúar launamanna:

Gylfi Ingvarsson
Jakob Tryggvason
Unnur María Rafnsdóttir
Viðar Örn Traustason
Þorbjörn Guðmundsson, formaður

Til vara:

Einar Hafsteinsson
Guðrún Elfa Hjörleifsdóttir
Hrönn Jónsdóttir

Skipaðir af framkvæmdastjórn

Samtaka atvinnulífsins:

Davíð Hafsteinsson
Drífa Sigurðardóttir
Guðrún Jónsdóttir
Ingibjörg Ólafsdóttir
Jón Bjarni Gunnarsson, varaformaður

Til vara:

Bolli Árnason
Guðbjörg Erna Guðmundsdóttir

Löggiltir endurskoðendur:

Árni Snæbjörnsson, Ernst & Young
Jóhann Unnsteinsson, Ernst & Young

Innri endurskoðandi:

Helga Harðardóttir, KPMG

Endurskoðunarnefnd:

María Sólbergdóttir, formaður
Rósa Steingrímsdóttir
Viðar Örn Traustason

Tryggingastærðfræðingur:

Bjarni Guðmundsson

Framkvæmdastjóri:

Ólafur Sigurðsson

STARFSFÓLK

Anna María Hannesdóttir
innheimta iðgjalda

Árni Vignir Pálmason
upplýsinga- og tæknimál

Ásta Friðbjörg Kristjónsdóttir
skráning iðgjalda

Birna Vilhjálmisdóttir
gjaldkeri

Björk Ingvarsdóttir
bókhald

Elsa Dóra Grétarsdóttir
lífeyrismál

Erla Fanney Þórisdóttir
móttaka

Eyrún Einarsdóttir
áhættustjóri

Guðrún Iðunn Jónsdóttir
bókhald

Hafðís Anna Bragadóttir
markaðsstjóri

Helga Dögg Yngvadóttir
gæða- og skjalastjóri

Hjördís Björnsdóttir
þjónustufulltrúi

Hrefna Sigurðardóttir
bókari

Íris Anna Skúladóttir
lánamál

Jóna Guðrún Ólafsdóttir
bókari

Kristján Geir Pétursson
lögfræðingur

Loftur Ólafsson
sjóðstjóri

Ólafur Haukur Jónsson
fráfarandi framkvæmdastjóri
Sameinaða lífeyrissjóðsins

Ólafur Sigurðsson
framkvæmdastjóri

Óskar Örn Ágústsson
fjármálastjóri

Óskar Magnússon
þjónustufulltrúi

Sigrún Þóra Björnsdóttir
lífeyrismál

Sigrún Gröndal
skráning iðgjalda

Sigurbjörn Einarsson
lánamál

Sigprúður Jónasdóttir
lífeyrismál

Sjöfn María Guðmundsdóttir
þjónustufulltrúi

Soffía Gunnarsdóttir
sjóðstjóri

Stefán Birgisson
lánamál

Svala Sigurðardóttir
lífeyrismál

Svanheiður Ingimundardóttir
innheimta iðgjalda

Þóra Erlingsdóttir
skráning iðgjalda

Þórunn Svanhildur Eiðsdóttir
skrifstofustjóri

Trúnaðarlæknar:
Guðjón Baldursson
Júlíus Valsson



ÁRSREIKNINGUR 2016



EFNISYFIRLIT ÁRSREIKNINGS

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	29
Áritun óháðs endurskoðanda	32
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2016	34
Efnahagsreikningur 31. desember 2016	35
Sjóðstreymi árið 2016	36
Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu samtryggingardeildar	37
Skýringar	38
Kennitölur	70
SAMTRYGGINGARDEILD	
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2016	72
Efnahagsreikningur 31. desember 2016	73
Sjóðstreymi árið 2016	74
SÉREIGNARDEILD	
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2016	75
Efnahagsreikningur 31. desember 2016	76
Sjóðstreymi árið 2016	77

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Starfsemi sjóðsins

Birta lífeyrissjóður starfar á grundvelli samþykktu og samkvæmt lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Einnig starfar lífeyrissjóðurinn á grundvelli samkomulags stéttarféлага og atvinnurekenda frá 19. maí 1969 og 12. desember 1995. Birta lífeyrissjóður varð til með samruna Sameinaða lífeyrissjóðsins og Stafa lífeyrissjóðs sem samþykktur var á aukaársfundum sjóðanna hinn 29. september 2016 og tók gildi þann 1. desember 2016. Til þess að tryggingafræðileg staða beggja sjóða væri eins við sameiningu, að teknu tilliti til nýrra samþykktu Birtu lífeyrissjóðs, þurfti að lækka áunnin réttindi sjóðfélaga í samtryggingardeild Sameinaða lífeyrissjóðsins um 1,1% m.v. 31.12.2015 og hækka réttindi sjóðfélaga samtryggingardeildar Stafa lífeyrissjóðs um 1,8% m.v. sama tíma. Sjóðirnir sameinuðust m.v. 1. janúar 2016 en réttindakafli samþykktu Birtu tók gildi 1. janúar 2017. Hlutverk Birtu lífeyrissjóðs er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri í samræmi við samþykktir sjóðsins og með hliðsjón af lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Nýjar reglur um ársreikninga lífeyrissjóða

Ársreikningur sjóðsins er gerður samkvæmt nýjum reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða sem koma nú til framkvæmda í fyrsta sinn við gerð ársreiknings fyrir árið 2016. Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til samræmis. Heildaráhrif breytinganna eru að hrein eign sjóðsins m.v. árslok 2015 hækkar um 1.792 milljónir króna. Áhrif á nafnávöxtun á árinu 2016 er 0,2% til hækkunar. Frekari upplýsingar um áhrif breytinganna er að finna í skýringu 21.

Fjöldi sjóðfélaga, launagreiðenda og iðgjöld

Sjóðurinn starfar í tveimur aðaldeildum, samtryggingardeild og séreignardeild. Um áramót áttu 99.869 einstaklingar réttindi í samtryggingardeild. Á árinu 2016 greiddu 18.470 einstaklingar iðgjald til samtryggingardeildar og 4.630 launagreiðendur. Virkir sjóðfélagar, þ.e. sjóðfélagar sem að jafnaði greiða iðgjöld til sjóðsins með reglubundnum hætti í mánuði hverjum, voru 15.927. Á árinu 2016 námu iðgjaldagreiðslur til samtryggingardeildar 12.662 m.kr. Í árslok 2016 áttu 25.723 einstaklingar réttindi í séreignardeild. Virkir sjóðfélagar í séreignardeild á árinu 2016 voru 1.663. Á árinu 2016 námu iðgjaldagreiðslur til séreignardeildar, fyrir réttindaflutninga og endurgreiðslur, 733 m.kr. sem er hækkun um 6,1% frá fyrra ári.

Fjöldi lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslur

Á árinu nutu 12.058 lífeyrisþegar að meðaltali lífeyrisgreiðslna úr samtryggingardeild að fjárhæð 8.662 m.kr. Lífeyrisþegum fjölgaði um 2,2% á árinu. Lögbundið framlag sjóðsins til starfsendurhæfingarsjóðs nam 100,9 m.kr. Lífeyrisgreiðslur séreignardeildar námu 556 m.kr. Lífeyrisbyrði sjóðsins, þ.e. lífeyrisgreiðslur í hlutfalli af iðgjaldagreiðslum nam 69,2% samanborið við 77,4% árið áður.

Fjárfestingartekjur og rekstrarkostnaður

Hreinar fjárfestingartekjur námu 3.016 m.kr. samanborið við 30.329 m.kr. árið áður. Rekstrarkostnaður sjóðsins, þ.e. skrifstofu- og stjórnunarkostnaður nam 689 m.kr. samanborið við 646 m.kr. árið áður. Rekstrarkostnaður í hlutfalli af meðalstöðu eigna var 0,22% samanborið við 0,22% árið áður. Kostnaður vegna sameiningar Sameinaða lífeyrissjóðsins og Stafa lífeyrissjóðs er aðgreindur frá rekstrarkostnaði, eins og fram kemur í ársreikningi. Fjöldi stöðugilda á árinu var 30,5 og nam heildarfjárhæð launa 420 m.kr., þar af voru launatengd gjöld 72,8 m.kr. og gjaldfærð orlofsskuldbinding 18,9 m.kr.

Hrein eign til greiðslu lífeyris

Hrein eign samtryggingardeildar til greiðslu lífeyris nam 307.405 m.kr. í árslok samanborið við 301.582 m.kr. árið áður. Hrein eign séreignardeildar nam 12.747 m.kr. samanborið við 12.163 m.kr. árið áður. Samanlagðar eignir samtryggingar- og séreignardeildar námu því 320.152 m.kr. en 313.745 m.kr. í árslok 2015.

Ávöxtun

Nafnávöxtun sjóðsins á árinu 2016 var 0,71% sem samsvarar -1,35% raunávöxtun samanborið við 8,34% raunávöxtun á árinu 2015. Meðalraunávöxtun samtryggingardeildar síðustu 5 ára er 5,33% og síðustu 10 ára 0,47%.

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Tryggingafræðileg úttekt

Tryggingafræðileg úttekt miðað við árslok 2016 sýnir að heildarskuldbindingar sjóðsins námu 4,1% umfram heildareignir en voru í jafnvægi í árslok 2015. Við úttektina er miðað við að ávöxtun eigna sjóðsins á næstu áratugum verði 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs. Nánari upplýsingar um tryggingafræðilega stöðu má sjá í sérstöku yfirliti og í skýringu 16.

Atburðir eftir lok reikningsárs

Frá lokum reikningsárs fram að áritunardegi hafa ekki orðið neinir atburðir sem hafa haft verulega þýðingu á fjárhagslega stöðu sjóðsins.

Stjórnarhættir og áhættustýring

Stjórn lífeyrissjóðsins hefur sett sér starfsreglur og er þar leitast við að fylgja „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ sem Viðskiptaráð Íslands, NASDAQ OMX Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út í endurskoðaðri útgáfu í maí 2015. Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á vef Viðskiptaráðs Íslands www.vi.is. Sjóðurinn fylgir leiðbeiningunum í meginatriðum og hefur samkvæmt samþykktum skipulagt sérstakar valnefndir. Stjórnarháttayfirlýsing sjóðsins felur hins vegar hvorki í sér greiningu á umhverfis- og félagslegum þáttum, né upplýsingar um helstu þætti í árangursmati stjórnar. Frekari upplýsingar um stjórn og stjórnarhætti er að finna í sérstakri yfirlýsingu stjórnar sem er fylgirit með ársreikningi þessum.

Sjóðurinn hefur sett sér sérstaka áhættustefnu sem staðfest er af stjórn og er hún aðgengileg á vef lífeyrissjóðsins. Markmið hennar er að auka öryggi í starfsemi sjóðsins. Stefnan byggir á skilgreiningu á áhættustýringu sem felst í leiðum til að greina, fylgjast með og takmarka áhættu í rekstri sjóðsins. Áhætta í starfseminni er skilgreind til samræmis við skilgreiningu í leiðbeinandi tilmælum FME, sem öll þau atvik sem auka marktækt líkurnar á því að réttindi sjóðfélaga skerðist til skemmri eða lengri tíma. Nær þessi áhætta bæði til atvika sem lúta að eignum og skuldbindingum sjóðsins sem og rekstrarlegum þáttum. Sjá nánar í skýringu 19 í ársreikningnum.

Markmið með áhættustýringu Birtu lífeyrissjóðs er að minnka líkur á skerðingu á réttindum sjóðfélaga til lengri tíma, ásamt því að móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Áhætta í starfseminni er skilgreind í samræmi við skilgreiningu í leiðbeinandi tilmælum FME.

Upplýsingastarf

Birta lífeyrissjóður birtir tímanlega fyrir ársfund sjóðsins auglýsingu í dagblöðum þar sem gerð er grein fyrir starfsemi og reikningi fyrir liðið ár. Sjóðurinn sendir greiðandi sjóðfélögum hálfárslega yfirlit yfir móttekin iðgjöld ásamt útreikningi á áunnum lífeyrissjóðum. Á ársfundum Sameinaða lífeyrissjóðsins og Stafa lífeyrissjóðs á liðnu ári var m.a. gerð grein fyrir skýrslu stjórnar, ársreikningi, fjárfestingarstefnu og tryggingafræðilegri stöðu sjóðanna. Á aukaársfundum vegna sameiningar í lok september sl. var m.a. gerð grein fyrir þeim efnisbreytingum sem nýjar samþykktir Birtu lífeyrissjóðs höfðu í för með sér. Á vefsíðu Birtu lífeyrissjóðs má nálgast almennar upplýsingar um sjóðinn og starfsemi hans.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf samkvæmt 66. gr. d) í lögum um ársreikninga

Lífeyrissjóðurinn telst til eininga tengdum almannahagsmunum skv. 9. tl. 2. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006. Í júní sl. tók gildi ný grein þeirra laga um ófjárhagslega upplýsingagjöf sem skal vera hluti skýrslu stjórnar félaga sem teljast einingar tengdar almannahagsmunum. Þar segir m.a. að fylgja skuli í yfirliti með skýrslu stjórnar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál. Jafnframt eigi að gera grein fyrir stefnu í mannréttindamálum og hvernig félagið sporni við spillingar- og mútumálum, sjá nánar í d-lið 66. greinar.

Þar sem skammur tími er liðinn síðan lagagreinin tók gildi hefur Birta lífeyrissjóður ekki enn mótað formlega stefnu varðandi birtingu framangreindra ófjárhagslegra upplýsinga. Vinna við endurskoðun og innleiðingu nýrra reglna og stefna hjá sjóðnum er nú í gangi. Stefnt er að því að framangreint yfirlit fylgi með skýrslu stjórnar fyrir rekstrarárið 2017. Jafnframt er bent á gildandi reglur og stefnur sjóðsins sem snerta bæði beint og óbeint þau atriði sem koma fram í d-lið 66. greinar.

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Áhrif óvissu í ytra starfsumhverfi

Gjaldeyrishöft hafa haft takmarkandi áhrif á fjárfestingarstarfsemi sjóðsins undanengin ár. Seðlabanki Íslands rýmkaði heimildir sjóðsins til fjárfestinga erlendis á starfsárinu og hefur að fullu opnað fyrir frjálst flæði fjármagns úr landinu. Verulega hefur því dregið úr óvissu í ytra umhverfi sjóðsins. Sjóðurinn býr eftir sem áður við ákveðna óvissu í ytra umhverfi og mætir henni m.a. með áhættustýringu sem ætlað er að draga úr áhættu sem tengist óvissunni, sjá skýringu 19.

Væntanleg þróun sjóðsins og framtíðarhorfur

Birta lífeyrissjóður mun eftir sem áður leitast við að ávaxta eignir í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins sem aðgengileg er á heimasíðu sjóðsins. Með fyrrgreindri sameiningu á síðasta starfsári og hækkun iðgjalds hefur lífeyrisbyrði lækkað nokkuð og ráðgert er að sú þróun haldi áfram. Með afnámi gjaldeyrishafta eykst geta sjóðsins til að dreifa áhættu á erlenda markaði.


Stjórn og framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins staðfesta hér með ársreikning þennan með undirskrift sinni.

Reykjavík 11. apríl 2017

Í stjórn Birtu lífeyrissjóðs




Þorbjörn Guðmundsson
formaður



Jón Bjarni Gunnarsson
varaformaður




Davíð Hafsteinsson



Drífa Sigurðardóttir




Guðrún Jónsdóttir




Gylfi Ingvarsson



Ingibjörg Ólafsdóttir




Jakob Tryggvason



Unnur María Rafnsdóttir



Viðar Örn Traustason



Ólafur Sigurðsson
framkvæmdastjóri

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar og sjóðfélaga í Birtu lífeyrissjóði
Skýrsla um endurskoðun ársreiknings

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Birtu lífeyrissjóðs fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning þann 31. desember 2016, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um tryggingafræðilega stöðu samtryggingardeildar, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu lífeyrissjóðsins á árinu 2016, efnahag hans 31. desember 2016, breytingu á handbæru fé á árinu 2016 og tryggingafræðilegri stöðu 31. desember 2016, í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð Birtu lífeyrissjóði í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur (IESBA Code) og viðeigandi settar siðareglur á Íslandi og höfum uppfyllt önnur ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að meta rekstrarhæfi sjóðsins og eftir því sem við á, skýra frá þeim atriðum sem varða rekstrarhæfið og notkun forsendunnar um áframhaldandi rekstrarhæfi, nema ætlunin sé að leysa upp sjóðinn eða hætta starfsemi hans, eða ef enginn annar raunhæfur valkostur er í stöðunni.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreiknings

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær, einar og sér eða samanlagðar, gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggjum við á faglegri dómgreind og beitum ávallt faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- * Við greinum og metum hættur á verulegum skekkjum í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé fram hjá innri eftirlitsaðgerðum.
- * Við öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

- * Við metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- * Við ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun okkar. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- * Við metum í heild sinni hvort framsetning og uppbygging ársreikningsins, þ.m.t. innihald og skýringar, gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.


Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem koma upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem fram koma við endurskoðunina, eftir því sem við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur síðareglna um óhæði og upplýsum um öll tengsl eða önnur atriði sem raunhæft er að ætla að gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og eftir því sem við á, til hvaða varúðarráðstafana við höfum gripið til að tryggja óhæði okkar.

Reykjavík 11. apríl 2017



Árni Snæbjörnsson
löggiltur endurskoðandi



Jóhann Unnsteinsson
löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.
Borgartúni 30, 105 Reykjavík

YFIRLIT UM BREYTINGU Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS ÁRIÐ 2016

SAMEIGINLEGT YFIRLIT SAMTRYGGINGAR- OG SÉREIGNARDEILDAR

	Skýr.	2016	2015
IÐGJÖLD			
Iðgjöld sjóðfélaga		4.367.450	3.876.431
Iðgjöld launagreiðenda		9.037.188	7.431.184
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(103.541)	(50.408)
		13.301.096	11.257.207
Sérstök aukaframlög	3	174.938	169.374
		13.476.034	11.426.582
LÍFEYRIR			
	4		
Heildarfjárhæð lífeyris		9.217.456	8.756.281
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs		100.936	109.934
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris		5.037	1.049
		9.323.429	8.867.265
HREINAR FJÁRFESTINGARTEKJUR			
	5		
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	5.1	(6.888.265)	19.165.106
Hreinar tekjur af skuldabréfum	5.3	10.107.539	11.288.435
Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum		195.828	215.777
Vaxtatekjur og gengismunur af handbæru fé		(266.689)	149.873
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		91.188	66.001
Ýmsar fjárfestingartekjur	6	89.593	47.279
Fjárfestingargjöld	7	(312.781)	(603.570)
		3.016.412	30.328.900
REKSTRARKOSTNAÐUR			
	8		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		689.325	646.341
Sameiningarkostnaður		72.680	0
		762.005	646.341
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris		6.407.012	32.241.876
Hrein eign frá fyrra ári		313.745.338	281.503.462
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok		320.152.350	313.745.338

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2016

SAMEIGINLEGT YFIRLIT SAMTRYGGINGAR- OG SÉREIGNARDEILDAR

	Skýr.	31.12.2016	31.12.2015
EIGNIR			
FJÁRFESTINGAR			
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	9	129.273.761	133.361.838
Skuldabréf	10	179.166.096	166.197.328
Bundnar bankainnstæður		4.588.662	4.705.746
Aðrar fjárfestingar	11	372.119	754.346
		<u>313.400.638</u>	<u>305.019.258</u>
KRÖFUR	12		
Kröfur á launagreiðendur		1.664.675	919.002
Aðrar kröfur		175.143	668.393
		<u>1.839.818</u>	<u>1.587.394</u>
ÝMSAR EIGNIR			
Varanlegir rekstrarfjármunir	13	175.355	175.235
Handbært fé		5.595.423	9.370.177
Eignir samtals		<u>321.011.235</u>	<u>316.152.064</u>
SKULDIR			
Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur	14	93.979	75.262
Aðrar skuldir	15	764.906	2.331.464
		<u>858.885</u>	<u>2.406.726</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok		<u>320.152.350</u>	<u>313.745.338</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris greinist			
Samtryggingardeild		307.405.489	301.581.993
Séreignardeild		12.746.861	12.163.345
		<u>320.152.350</u>	<u>313.745.338</u>
Skuldbindingar utan efnahags	17		
Sameining	20		
Áhrif upptöku á reglum FME nr. 335/2015	21		

SJÓÐSTREYMI ÁRIÐ 2016

SAMEIGINLEGT YFIRLIT SAMTRYGGINGAR- OG SÉREIGNARDEILDAR

	2016	2015
INNGREIÐSLUR		
Iðgjöld	12.813.223	11.418.007
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum	289.612	279.190
Aðrar inngreiðslur	550.532	290.401
	13.653.366	11.987.598
ÚTGREIÐSLUR		
Lífeyrir	9.318.641	8.857.746
Rekstrarkostnaður	1.037.890	662.927
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	8.512	33.853
Aðrar útgreiðslur	387	64.733
	10.365.430	9.619.258
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga	3.287.936	2.368.339
FJÁRFESTINGARHREYFINGAR		
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	2.881.577	1.716.786
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum	(25.216.225)	(25.637.802)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum	20.427.037	20.812.755
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa	27.880.462	16.419.947
Keypt skuldabréf	(43.212.826)	(24.712.842)
Seld skuldabréf	11.910.116	10.283.267
Uppgjör afleiðusamninga	(2.052.229)	(438.962)
Ný bundin innlán	(2.705)	(77.799)
Endurgreidd bundin innlán	283.577	258.986
Keyptar aðrar fjárfestingar	0	(213.599)
Seldar aðrar fjárfestingar	476.174	499.717
	(6.625.042)	(1.089.545)
(Lækkun)/ hækkun á handbæru fé	(3.337.106)	1.278.794
Gengismunur af handbæru fé	(437.648)	(111.109)
Handbært fé í upphafi árs	9.370.177	8.202.491
Handbært fé í lok árs	5.595.423	9.370.177

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

YFIRLIT UM TRYGGINGAFRÆÐILEGA STÖÐU SAMTRYGGINGARDEILDAR

		31.12.2016		
EIGNIR	Skýr.	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Hrein eign til greiðslu lífeyris		307.405.489	0	307.405.489
Mismunur á bókf. verði og núvirði skuldabréfa		4.862.376	0	4.862.376
Mismunur á bókf. verði og matsverði skráðra hlutabr.		(1.973.672)	0	(1.973.672)
Núvirði framtíðarfjárfestingarkostnaðar		(7.331.594)	0	(7.331.594)
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar		(3.879.370)	(3.868.882)	(7.748.252)
Núvirði framtíðariðgjalda			165.761.884	165.761.884
		299.083.229	161.893.002	460.976.231
SKULDBINDINGAR				
Ellilífeyrir		275.759.463	130.373.654	406.133.117
Örorkulífeyrir		22.927.710	15.625.431	38.553.142
Makalífeyrir		24.637.546	7.851.807	32.489.353
Barnalífeyrir		308.697	1.591.449	1.900.145
Fjölskyldulífeyrir			1.554.272	1.554.272
		323.633.417	156.996.613	480.630.030
Eignir umfram skuldbindingar	16	(24.550.187)	4.896.389	(19.653.799)
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun		(2,55%)	5,86%	(0,00%)
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok		(7,59%)	3,12%	(4,09%)
		31.12.2015		
EIGNIR		Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Hrein eign til greiðslu lífeyris		301.581.993	0	301.581.993
Mismunur á bókf. verði og núvirði skuldabréfa		3.070.163	0	3.070.163
Mismunur á bókf. verði og matsverði skráðra hlutabr.		(1.601.956)	0	(1.601.956)
Núvirði framtíðarfjárfestingarkostnaðar		(6.945.500)	0	(6.945.500)
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar		(4.010.200)	(3.624.100)	(7.634.300)
Núvirði framtíðariðgjalda			141.719.800	141.719.800
		292.094.500	138.095.700	430.190.200
SKULDBINDINGAR				
Ellilífeyrir		252.099.000	106.010.300	358.109.300
Örorkulífeyrir		21.670.900	14.189.200	35.860.100
Makalífeyrir		25.830.000	8.604.700	34.434.700
Barnalífeyrir		142.700	1.645.800	1.788.500
		299.742.600	130.450.000	430.192.600
Eignir umfram skuldbindingar	16	(7.648.100)	7.645.700	(2.400)
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun		(7,55%)	4,94%	(3,75%)
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok		(2,55%)	5,86%	(0,00%)

1. ALMENNAR UPPLÝSINGAR UM SJÓÐINN

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykktu þessara.

Lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Einnig starfar lífeyrissjóðurinn á grundvelli samkomulags stéttarféлага og atvinnurekenda frá 19. maí 1969 og 12. desember 1995 og tryggir sambærileg lágmarksréttindi og þar greinir miðað við jafnar greiðslur iðgjalda í 40 ár. Lífeyrissjóðurinn skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að sinna hlutverki sínu og er ekki heimilt að inna af hendi framlög í öðrum tilgangi.

Sameinaði lífeyrissjóðurinn og Stafir lífeyrissjóður sameinuðust miðað við 1.1.2016 og miðast samanburðarfjárhæðir við sameinaðan sjóð, sjá skýringu 20.

Birta lífeyrissjóður er með aðsetur í Sundagörðum 2, 104 Reykjavík.

2. REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

2.1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða. Hér fyrir neðan er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem eru nokkuð breyttar frá síðasta ári, til samræmis við nýjar reglur FME um ársreikninga lífeyrissjóða sem komu til framkvæmda við gerð ársreikninga lífeyrissjóða fyrir árið 2016.

2.2. Breytingar á reikningsskilaaðferðum

Upptaka á reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 335/2015 leiðir til breytinga á mati og framsetningu ýmissa liða reikningsskilanna. Samanburðarfjárhæðum er jafnframt breytt. Finna má nánari upplýsingar um breytingarnar og áhrif þeirra í skýringu 21.

2.3. Starfsrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er settur fram í þúsundum íslenskra króna, sem er bæði starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill lífeyrissjóðsins.

2.4. Mat og ákvarðanir

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynt önnur en niðurstaða samkvæmt matinu. Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Stjórnendur hafa gefið sér forsendur um og lagt reikningshaldslegt mat á eftirfarandi liði sem hafa veruleg áhrif á ársreikning lífeyrissjóðsins:

- i) Gangvirði óskráðra eignarhluta í félögum og sjóðum, sjá skýringu 9.
- ii) Tryggingafræðilega stöðu, sjá skýringu 16.

2.5. Iðgjöld

Iðgjöld eru færð til bókar þegar skilagreinar hafa borist sjóðnum, óháð því hvort þau eru greidd eða ekki. Ógreidd iðgjöld í árslok eru færð til eignar sem krafa á launagreiðendur. Áætlað er fyrir ógreiddum iðgjöldum samtryggingarsjóðs í árslok m.v. fyrri reynslu og eru þau eignfærð sem kröfur á launagreiðendur í efnahagsreikningi. Sérstök aukaframlög eru hlutdeild launagreiðenda samkvæmt samþykktum sjóðsins.

Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði er einnig fært undir liðinn sérstök aukaframlög. Iðgjöld í séreignarsjóð eru færð til bókar þegar þau hafa verið greidd til sjóðsins. Óinnheimt iðgjöld eru færð til eignar með áföllnum vöxtum.

2.6. Hreinar fjárfestingartekjur

Undir þennan lið eru færðar allar fjárfestingartekjur sjóðsins að frádregnum öllum fjárfestingargjöldum.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu og innheimtu krafna er færður í rekstur sem og áfallinn gengismunur á eignir í árslok.

a) Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum

Þessi liður samanstendur af tekjum af fjárfestingum sjóðsins í hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum, að frádregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga annarra en gjalda sem skýrt er frá í skýringu 7 um fjárfestingargjöld.

Undir þennan lið falla arðgreiðslur, söluhagnaður og sölutap sem og breytingar á gangvirði. Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir. Í skýringu 5.2 má sjá breytingar á gangvirði 20 stærstu fjárfestinga sjóðsins í félögum og sjóðum.

b) Hreinar tekjur af skuldabréfum

Þessi liður samanstendur af tekjum af fjárfestingum sjóðsins í skuldabréfum, að frádregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga annarra en gjalda sem skýrt er frá í skýringu 7 um fjárfestingargjöld.

Hér eru færðar vaxtatekjur, verðbætur og lántökupóknarir af skuldabréfum, hagnaður og tap af sölu skuldabréfa, breytingar á gangvirði til hækkunar og lækkunar og hliðstæðar tekjur og gjöld. Hér undir er einnig færð varúðarniðurfærsla skuldabréfa vegna tapshættu sem er fyrir hendi á reikningsskiladegi.

c) Aðrar fjárfestingartekjur

Undir liðinn ýmsar fjárfestingartekjur falla m.a. tekjur af fullnustueignum sjóðsins.

d) Fjárfestingargjöld

Undir þennan lið eru færð fjárfestingargjöld og þóknarir til fjármálafyrirtækja vegna umsýslu og vörslugjalda. Í skýringu 7 er greint frá áætlaðri umsyslupóknun vegna fjárfestinga sjóðsins í innlendum og erlendum verðbréfa- og framtakssjóðum.

2.7. Rekstrarkostnaður

Allur skrifstofu- og stjórnunarkostnaður lífeyrissjóðsins fellur undir rekstrarkostnað, þ.m.t. launakostnaður starfsmanna sjóðsins. Kostnaðurinn er færður til gjalda þegar hann fellur til. Frá rekstrarkostnaði dregst þóknun til sjóðsins vegna innheimtu gjalda fyrir stéttarfélög.

Undir liðinn önnur gjöld færast virðisryrnun vegna krafna sjóðsins annarra en kröfuréttinda sem tengjast skuldabréfaeign.

2.8. Fjárfestingar

Fjárfestingar eru fjármálagerningar samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007. Fjárfestingar sjóðsins samanstanda af eignarhlutum í félögum og sjóðum, skuldabréfum, bundnum bankainnstæðum og öðrum fjárfestingum.

Við kaup er flokkun fjárfestinganna ákveðin og við hver reikningsskil er metin þörf á hvort að endurmeta beri flokkun sjóðsins á fjárfestingum sínum.

a) Matsaðferðir fjárfestinga

Fjármálagerningar, aðrir en útlán til sjóðfélaga og skuldabréf sem haldin eru til gjalddaga, eru metnir á gangvirði í samræmi við settar reikningsskilareglur. Útlán til sjóðfélaga og skuldabréfaeign, sem ákveðið hefur verið að halda til gjalddaga, eru færð á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og aðferð virkra vaxta.

Gangvirði fjármálagerninga sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði er markaðsverð í árslok en gangvirði annarra fjárfestinga (óskráðra) í þessum flokki byggist á verðmatsaðferðum sem lýst er í skýringu 18. Í þeirri skýringu eru jafnframt upplýsingar um þrepaskiptingu gangvirðis samkvæmt verðmatsaðferðum.

b) Eignarhlutir í félögum og sjóðum

Eignarhlutir í félögum og sjóðum eru hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Þessi flokkur fjárfestinga er færður á gangvirði.

c) Skuldabréf

Undir skuldabréf eru færð öll skuldabréf, bæði verðbréf sem eru á afskrifuðu kostnaðarverði og gangvirði. Undir þennan flokk falla jafnframt útlán. Skuldabréf og útlán eru færð með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í árslok. Verðbætur miðast við viðeigandi vísitölu næsta mánaðar eftir lok reikningsárs. Í skýringu 18 er gerð nánari grein fyrir skiptingu skuldabréfa eftir reikningshaldslegri meðhöndlun.

d) Niðurfærsla skuldabréfa og útlána

Við mat á útlánnum og skuldabréfum sem færð eru á afskrifuðu kostnaðarverði er tekið tillit til þeirrar tapsáhættu sem kann að vera fyrir hendi á reikningsskiladegi í samræmi við settar reikningsskilareglur. Varúðarframlög vegna tapsáhættunnar eru færð á niðurfærslureikning sem dreginn er frá stöðu skuldabréfa og útlána til sjóðfélaga í árslok.

e) Bundnar bankainnstæður

Undir bundnar bankainnstæður eru færð innlán í bönkum sem bundin eru til lengri tíma en þriggja mánaða en sjóðurinn horfir á þessar bankainnstæður sem fjárfestingu en ekki sem handbært fé.

f) Aðrar fjárfestingar

Undir aðrar fjárfestingar eru færðar allar fjárfestingar sem ekki falla undir liði sem taldir eru upp hér að ofan. Hér eru meðal annars færðar húseignir og lóðir sem teknar voru yfir til fullnustu greiðslu. Í skýringu 11 er gerð nánari grein fyrir þessum lið.

2.9. Kröfur

Kröfur eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Á hverjum reikningsskiladegi eru kröfur metnar með hliðsjón af tapsáhættu og færðar í afskriftarreikning samkvæmt niðurstöðu slíks mats. Afskriftin er dregin frá viðkomandi lið í efnahagsreikningi og gjaldfærð undir önnur gjöld í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

2.10. Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir

Fasteignir og aðrir varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði og greinast þannig: Fasteign sjóðsins er afskrifuð um 2% og aðrar eignir eru afskrifaðar um 10-33%.

2.11. Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess er fært í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af óbundnum bankainnstæðum í erlendum gjaldmiðlum og íslenskum krónum.

3. SÉRSTÖK AUKAFRAMLÖG

	2016	2015
Aukafjárframlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði	174.938	169.374

SKÝRINGAR

4. LÍFEYRIR

Greiddur lífeyrir greinist þannig:	2016	2015
Ellilífeyrir	6.570.636	6.000.112
Örorkulífeyrir	1.239.875	1.266.228
Makalífeyrir	786.229	787.154
Barnalífeyrir	65.029	80.147
Samtals úr samtryggingardeild	8.661.769	8.133.641

Lífeyrir úr séreignardeild greinist þannig:

Lífeyrir	297.268	332.618
Ráðstöfun iðgjalda í séreign samkvæmt lögum nr. 40/2014	258.420	290.022
Samtals úr séreignardeild	555.687	622.640

Heildarfjárhæð lífeyris 9.217.456 8.756.281

Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris:

Kostnaður vegna örorkumats	1.671	1.186
Umsjónarnefnd eftirlauna	(2.933)	(3.228)
Annar beinn kostnaður	6.299	3.092
	5.037	1.049

5. HREINAR FJÁRFESTINGARTEKJUR

5.1 Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum sundurliðast þannig:

	Hreinar tekjur í viðk. mynt	Áhrif gjaldmiðils	Samtals 2016	Samtals 2015
Innlend hlutabréf og sjóðir	1.137.320	0	1.137.320	14.837.753
Erlend hlutabréf	(68.183)	(1.249.404)	(1.317.587)	1.174.482
Innlend hlutdeildarskírteini	87.983	0	87.983	392.923
Erlend hlutdeildarskírteini	2.379.249	(9.175.231)	(6.795.981)	2.759.949
	3.536.370	(10.424.635)	(6.888.265)	19.165.106

5.2 Hreinar tekjur af 20 stærstu eignarhlutum í félögum og sjóðum sundurliðast þannig:

	Bókfært verð 31.12.2016	Hreinar tekjur* samtals 2016	Hreyfingar*	Bókfært verð 31.12.2015	Hreinar tekjur* samtals 2015
Marel hf.	7.875.646	(272.051)	(137.168)	8.284.864	4.229.426
Icelandair Group hf.	7.745.818	(3.796.417)	(96.003)	11.638.238	4.834.610
Vanguard Glob. Index Fund USD	5.014.740	(315.717)	627.814	4.702.643	51.988
Össur hf.	4.527.258	(962.632)	(72.961)	5.562.851	1.405.016
UBS Lux Money Market USD	4.057.543	(281.039)	3.278.576	1.060.006	(48.243)
Vanguard US 500 Index Fund	3.793.281	(84.399)	804.190	3.073.490	26.041
Framtakssjóður Íslands slhf.	3.678.391	503.480	(1.969.015)	5.143.926	69.279
Veðskuld II slhf.	3.483.752	173.830	1.433.651	1.876.271	84.226
Hagar hf.	3.339.200	692.536	(152.044)	2.798.708	380.701
Eik fasteignafélag hf.	3.067.645	868.767	(184.386)	2.383.265	776.548
Schroder QEP Global Quality N1 hf.	2.821.264	(168.844)	0	2.990.108	48.278
Eimskipafélag Íslands hf.	2.614.809	1.360.664	(412.913)	1.667.058	678.230
MS Emerging Priv. Markets F. IV	2.447.824	746.575	(219.423)	1.920.672	32.519
BlackRock Dev. World Index F.	2.122.695	(284.025)	(188.800)	2.595.520	348.533
Nordea Nordic Equity Fund	2.197.317	21.982	1.543.932	631.403	60.892
Jupiter Global	2.170.090	(442.739)	0	2.612.829	221.827
Templeton Global Fund	2.055.789	(679.373)	0	2.735.161	298.079
Reginn hf.	2.024.448	(192.435)	0	2.216.883	(94.681)
Vanguard Glob. Index Fund EUR	1.971.040	505.742	(77.033)	1.542.331	463.743
	1.873.955	115.094	1.758.861	0	0
	68.882.503	(2.491.003)	5.937.277	65.436.229	13.867.013

*Hreinar tekjur samanstanda af innleystum og óinnleystum gangvirðisbreytingum, gjaldeyrisbreytingum og arðgreiðslum.

*Hreyfingar samanstanda af kaupum og sölu og mótteknum arðgreiðslum.

SKÝRINGAR

5.3 Hreinar tekjur af skuldabréfum sundurliðast þannig:

Skuldabréf flokkuð sem haldið til gjalddaga	Vaxtatekjur og verðbætur	Áhrif gjaldmiðils	Breyting á niðurfærslu	Samtals 2016	Samtals 2015
Ríkisskuldabréf	530.999	0	0	530.999	507.132
Íbúðalánasjóður	2.198.121	0	0	2.198.121	2.365.543
Önnur skuldabréf með ábyrgð ríkisins	217.357	(224.900)	0	(7.543)	263.143
Skuldabréf sveitarfélaga	497.509	0	(18.617)	478.892	427.151
Skuldabréf lánastofnana	91.231	(132.878)	140.447	98.800	37.343
Skuldabréf fyrirtækja	1.345.121	(208.919)	(222.196)	914.006	1.032.012
Sjóðfélagalán	977.308	0	(117.305)	860.003	916.418
Önnur veðlán	1.583.048	0	(10.106)	1.572.942	1.541.587
Samtals	7.440.694	(566.697)	(227.777)	6.646.220	7.090.330

Skuldabréf flokkuð á gangvirði	Gangvirðis-breyting	Áhrif gjaldmiðils	Breyting á niðurfærslu	Samtals 2016	Samtals 2015
Ríkisskuldabréf	1.907.943	0	0	1.907.943	1.761.100
Íbúðalánasjóður	1.015.531	0	0	1.015.531	1.879.884
Skuldabréf sveitarfélaga	126.092	0	0	126.092	291.414
Skuldabréf lánastofnana	411.754	0	0	411.754	265.707
Samtals	3.461.319	0	0	3.461.319	4.198.105
Samtals tekjur af skuldabr.	10.902.013	(566.697)	(227.777)	10.107.539	11.288.435

6. ÝMSAR FJÁRFESTINGARTEKJUR

	2016	2015
Tekjur vegna fullnustueigna	89.593	47.279

SKÝRINGAR

7. FJÁRFESTINGARGJÖLD

	2016	2015
Póknanir til verðbréfafyrirtækja	246.900	304.981
Kostnaður vegna þrotabúa bankanna	19.032	113.207
Gjöld vegna fullnustueigna	32.375	164.249
Önnur fjárfestingargjöld	14.474	21.134
Samtals fjárfestingargjöld	312.781	603.570

Póknanir

